



## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI GARÐABÆJAR 2016-2030

Rammahluti Vífilsstaðalands

19.11.2020, 18.02.2021

BREEAM®



BATTERÍÐ  
ARKITEKTAR



GARÐABÆR



## GARÐABÆR

Aðalskipulag 2016-2030

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar þann 19.11.2020

---

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

## SKIPULAGSFERLI

Skipulagslýsing var auglýst frá: 11. júní 2018 með ábendingafresti til: 27. ágúst 2018.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu var forkynnt frá: 3. desember 2019 með ábendingafresti til: 6. janúar 2020.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu var uppfærð eftir ábendingar Skipulagsstofnunar þann 26. maí 2020 samkvæmt 3 mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu var auglýst frá: 11. júní 2020 með athugasemdafresti til: 7. september 2020.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

Skipulagsgögn:

- Breytingarblað dagsett 19.11.2020
- Greinargerð þessi dagsett 19.11.2020

## HELSTU BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

Helstu breytingar greinargerð eftir auglýsingu eru:

- Kafli 2.2. Náttúrufar. Texta um vistfræðilegt gildi svæðisins, verndun og viðhalds svæðis og jarðrask m.a. á framkvæmdatíma.
- Kafli 2.3. Samgöngur. Bætt við texta um loftmengun frá Reykjanesbraut.
- Kafli 2.4. Veitukerfi og ofanvatn. Skerpt á texta um samræmingu við Veitur og Landsnet vegna framkvæmda og umgengni við Hnoðraholtslínu. Bætt við texta um öryggis- og hindrunarsvæði Hnoðraholtslínu. Bætt við texta um flóðahættu í Vetrarmýri ásamt skýringarmynd.
- Kafli 2.5. Hindrunarfletir flugvalla. Bætt við skilmálum vegna hallandi hindrunarflatar Reykjavíkurflugvallar og vísað í frekari skilmála í deiliskipulagsáætlunum.
- Kafli 4.2. Stefna um samgöngur. Bætt við texta um áhrif loftmengunar af Reykjanesbraut á uppbyggingu í Vetrarmýri.
- Kafli 4.2.1. Gatnakerfi og akandi umferð. Umferðatalningar og umferðaspá uppfært í samræmi við nýjar upplýsingar úr umferðalíkani höfuðborgarsvæðisins.
- Kafli 4.2.1. Gróf lega tengibrauta er sett fram í rammahluta, breytingar eru gerðar á gatnatengingum við núverandi byggð í Hnoðraholti að beiðni íbúa.
- Kafli 4.2.5. Göturými. Bætt við texta um mismunandi göturými og áherslur.
- Kafli 4.3.1. Veitukerfi. Bætt við texta um hitaveitutanka á Hnoðraholti. Bætt við texta um flóðvarnir í Vetrarmýri.
- Kafli 4.4.1. Almenningsrými. Bætt við texta um vetraríþróttir.
- Kafli 4.5.2. Sérákvæði skipulagssvæða. Tafla 4:

- 4.08M:
  - Bætt við texta um að í deiliskipulagi skuli hugsa sérstaklega að flóðavörnum og ofanvatnslausnum.
  - Bætt við texta um að í deiliskipulagi skulu setja skilmála um sambland og samvist ólíkrar starfsemi og næði íbúa.
- 2.22I:
  - Bætt við landnotkunarreit og skilmálum fyrir hitaveitutanka á Hnoðraholti.
- Kafli 4.5.2.2.. Vetrarmýri. Bætt við texta um fyrirkomulag golfbrauta.
- Skýringarmyndir og kennisnið uppfærð.

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>8</b>		
1.1	Viðfangsefni og markmið	8		
1.2	Vinningstillaga	8		
1.3	Samráðsfundir við vinnslu tillögu	9		
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>10</b>		
2.1	Aðalskipulag Garðabæjar	11		
2.2	Náttúrufar	14		
2.3	Samgöngur	15		
2.4	Veitukerfi og ofanvatn	16		
2.5	Hindrunarfletir flugvalla	17		
2.6	Jarðfræði	18		
2.7	Minjar	19		
2.8	Verndar- og friðlýstsvæði	20		
2.8.1	Vífilsstaðahraun	20		
2.8.2	Vatnasvið Vífilsstaðavatns	21		
2.9	BREEAM – vottun skipulags	22		
<b>3</b>	<b>TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR</b>	<b>24</b>		
3.1	Landsskipulagsstefna	24		
3.2	Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	25		
3.3	Deiliskipulagsáætlanir innan skipulagssvæðisins	25		
3.4	Gildandi skipulagsáætlanir aðliggjandi svæða	25		
<b>4</b>	<b>RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS</b>	<b>26</b>		
4.1	Almenn stefna í rammahluta Vífilsstaðalands	28		
4.2	Stefna um samgöngur	28		
4.2.1	Gatnakerfi og akandi umferð	29		
4.2.2	Almenningssamgöngur	31		
4.2.3	Göngu- og hjólastígar	32		
4.2.4	Útivistar- og reiðstígar	33		
4.2.5	Göturými	34		
<b>4.3</b>	<b>Stefna um þjónustukerfi</b>	<b>36</b>		
4.3.1	Veitukerfi	36		
4.3.2	Sorp	38		
<b>4.4</b>	<b>Stefna um opin svæði og náttúru</b>	<b>38</b>		
4.4.1	Almenningsrými	39		
4.4.2	Vífilsstaðaás - trjástígur	40		
4.4.3	Jarðbrú	41		
4.4.4	Friðland og friðaðar byggingar	42		
4.4.5	Vífilsstaðavatn	44		
<b>4.5</b>	<b>Stefna um landnotkun</b>	<b>45</b>		
4.5.1	Byggingarmagn	47		
4.5.2	Sérákvæði skipulagssvæða	48		
<b>5</b>	<b>SAMANTEKT UM HVERFISMATS</b>	<b>58</b>		
<b>6</b>	<b>KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI</b>	<b>59</b>		
<b>6.1</b>	<b>Umsagnaraðilar</b>	<b>60</b>		

## MYNDASKRÁ

<b>MYND 1</b>	Vinningstillaga í samkeppni _____	9
<b>MYND 2</b>	Núverandi staðhættir. _____	10
<b>MYND 3</b>	Flugmynd af Vífilsstöðum eins og þeir eru í dag. _____	10
<b>MYND 4</b>	Flugmynd horft í austur yfir golfvöll GKG _____	11
<b>MYND 5</b>	Skýringarmynd úr Aðalskipulagi Garðabæjar _____	11
<b>MYND 6</b>	Skýringarmynd úr svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins _____	12
<b>MYND 7</b>	Hluti af þéttbýlisupprætti úr aðalskipulagi Garðabæjar. _	12
<b>MYND 8</b>	Náttúrufar og verndarsvæði. _____	14
<b>MYND 9</b>	Skýringarmynd með vinningstillögu _____	15
<b>MYND 10</b>	Núverandi umferð á gatnaneti _____	16
<b>MYND 11</b>	Áhrifasvæði flóða í Vetrarmýri. _____	17
<b>MYND 12</b>	Hindrunarflötur Reykjavíkurflugvallar yfir Garðabæ. _____	18
<b>MYND 13</b>	Jarðfræðikort af Garðabæ. _____	19
<b>MYND 14</b>	Minjar eru skráðar víða á svæðinu flestar við Vífilsstaði. _	19
<b>MYND 15</b>	Flugmynd horft til vesturs yfir Vífilsstaðahraun, Vatnsmýri og Vífilsstaði. _____	21
<b>MYND 16</b>	Flugmynd sýnir Vífilsstaðavatn og hluta Elliðavatnsvegjar/Flóttamannavegar horft til austurs. _____	21
<b>MYND 17</b>	Yfirborðsvatnasvið Vífilsstaðavatns afmarkað með blárri brota línu. _____	22
<b>MYND 18</b>	Unnið er að vottun skipulagssvæðisins samkvæmt BREEAM Communities kerfinu. _____	23
<b>MYND 19</b>	Gildandi deiliskipulag Hnoðraholt – Vetrarmýri frá 1996. _	25
<b>MYND 20</b>	Yfirlitsmynd yfir skipulagssvæðið _____	27
<b>MYND 21</b>	Skýringarmynd sem sýnir áfangaskiptingu og deiliskipulagsreiti. _____	28
<b>MYND 22</b>	Skýringarmynd sem sýnir uppbyggingu gatnakerfis innan skipulagssvæðisins. _____	29
<b>MYND 23</b>	Skýringarmynd um leyfilegan hámarkshraða gatna innan skipulagssvæðisins. _____	30
<b>MYND 24</b>	Skýringarmynd sem sýnir umferð á skipulagssvæðinu _____	31
<b>MYND 25</b>	Skýringarmynd sem sýnir tillögu að stoppistöðvum almenningsgangna _____	32
<b>MYND 26</b>	Skýringarmynd stígakerfis innan skipulagssvæðisins _____	32
<b>MYND 27</b>	Skýringarmynd sem stígakerfi útivistar- og reiðstíga _____	33
<b>MYND 28</b>	Kennisnið, Vetrarbrautar í Vetrarmýri. _____	34
<b>MYND 29</b>	Kennisnið, safngata í Hnoðraholti, s.s. Vorbraut. _____	34
<b>MYND 30</b>	Kennisnið, þversnið í húsagötu, s.s. Ýlisholt og Útholt. ____	34
<b>MYND 31</b>	Kennisnið, þversnið í botnlanga, s.s. við Ýlisholt og Útholt. 35	
<b>MYND 32</b>	Kennisnið, safngata í vesturhlíð Hnoðraholt, Þorraholt. __	35
<b>MYND 33</b>	Kennisnið, húsagata fjölbýlishúsa í vesturhlíð Hnoðraholt, Þorraholt. _____	35
<b>MYND 34</b>	Kennisnið Vetrarbraut/Hnoðraholt, hljóðmön, ný lega. ____	35
<b>MYND 35</b>	Kennisnið, Vorbraut milli golfbrautar og Þorrasala. _____	36
<b>MYND 36</b>	Ofanvatn er hreinsað með blágrænum ofanvatnslausnum 37	
<b>MYND 37</b>	Dæmi um fjölbreyttar tegundir af blágrænum ofanvatnslausnum _____	37
<b>MYND 38</b>	Hitaveitutankar á Hnoðraholti. _____	38
<b>MYND 39</b>	Skýringarmynd sýnir fjölbreytt almenningsrými og fjölbreytta útivist allan ársins hring. _____	39
<b>MYND 40</b>	Teikning sýnir hvernig íþróttamannvirki og byggingar mynda skjól _____	40
<b>MYND 41</b>	Þversnið sýnir tengsl milli starfsemi innan fjölnota íþróttahúss _____	40
<b>MYND 42</b>	Vífilsstaðaás. _____	40
<b>MYND 43</b>	Efri röð til vinstri: ljósmynd tekin frá herminjum _____	41
<b>MYND 44</b>	Jarðbrú yfir Reykjanesbraut. _____	41
<b>MYND 45</b>	Til vinstri og efst til hægri: Jarðbrú í Vancouver, Kanada. __	42

<b>MYND 46</b> Flugmynd, horft til suðurs yfir Vífilsstaði, skróðgarð og Vatnsmýri. _____	42
<b>MYND 47</b> Flugmynd, horft til norðurs yfir Vífilsstaði _____	43
<b>MYND 48</b> Flugmynd sem sýnir þann hluta Vatnsmýri sem lagt er til að falli undir friðland _____	43
<b>MYND 49</b> Skýringarmynd sýnir tillögu að endurskoðun á mörkum friðlands _____	43
<b>MYND 50</b> Efri röð: flugmynd af Vífilsstaðavatni og nágrenni horft til suðvesturs _____	44
<b>MYND 51</b> Stígatenging undir Flóttamannaveg. _____	44
<b>MYND 52</b> Flugmynd af Vífilsstaðavatni og nágrenni _____	45
<b>MYND 53</b> Finnstekkur hjáleiga frá Vífilsstöðum, minjar, rústir á lágum hól. _____	45
<b>MYND 54</b> Skýringarmynd sem sýnir landnotkun og helstu kennileiti á skipulagssvæðinu. _____	46
<b>MYND 55</b> Skipting svæða eftir einkennum. _____	47
<b>MYND 56</b> Skipulagssvæði. _____	48
<b>MYND 57</b> Hnoðraholt norður. _____	49
<b>MYND 58</b> Miðsvæði í Vetrarmýri er blönduð uppbygging _____	51
<b>MYND 59</b> Kennisnið sem sýnir dæmi um samsetningu blandaðrar byggðar á miðsvæði í Vetrarmýri. _____	51
<b>MYND 60</b> Í deiliskipulagi golfvallarsvæðis skal útfæra golfbrautir ____	51
<b>MYND 61</b> Golfvöllur stækkar til austurs upp í hlíðar Smalaholts ____	52
<b>MYND 62</b> Úrklippa úr breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, rammahluta Vífilsstaðalands. _____	57

## TÖFLUSKRÁ

<b>TAFLA 1</b> Landnotkun og nýting svæðisins skv. gildandi aðalskipulagi. _____	13
<b>TAFLA 2</b> Byggingarmagn. _____	47
<b>TAFLA 3</b> Landnotkun, lýsing og ákvæði skipulagsreita fyrir Hnoðraholt. _____	49
<b>TAFLA 4</b> Landnotkun, lýsing og ákvæði skipulagsreita innan Vetrarmýri. _____	53
<b>TAFLA 5</b> Landnotkun, lýsing og ákvæði skipulagsreita fyrir Vífilsstaði. _____	54
<b>TAFLA 6</b> Landnotkun, lýsing og ákvæði skipulagsreita fyrir Smalaholt/Rjúpnadal. _____	56
<b>TAFLA 7</b> Landnotkun, lýsing og ákvæði skipulagsreita fyrir Vífilsstaðahraun. _____	57
<b>TAFLA 8</b> Samantekt umhverfismats. _____	59

## 1 INNGANGUR

Árið 2006 efndi Garðabær til samkeppni um rammaskipulag Hnoðrahólts og í nóvember 2007 var samþykkt að láta vinna rammaskipulag fyrir svæðið á grundvelli verðlaunatillögu. Fyrir liggur rammaskipulagsuppdráttur dagsettur í júní 2008 en ekki var unnið að gerð deiliskipulags fyrir svæðið í kjölfarið. Vorið 2017 festi Garðabær kaup á þeim hluta Vífilsstaðalands sem var í ríkiseigu. Í kjölfarið samþykkti bæjarstjórn þann 4. maí sama ár að efna til nýrrar samkeppni um rammaskipulag Vífilsstaðalands og Hnoðrahólts, þar sem horft væri á svæðið sem eina heild þar sem lega þess og hagsmunir fléttast saman.

Við undirbúning samkeppninnar og gerð keppnislýsingar hafði dómnefnd samráð við íbúa í sveitarfélaginu og helstu hagsmunafélög, m.a. á íbúafundi í Flataskóla 13. júní 2017. Dómnefnd lauk stöfum í lok desember og var þá tilkynnt að sameiginleg tillaga Batterísins Arkitekta, landslagsarkitektastofunnar Landslags og verkfræðistofunnar EFLU hefði hlotið 1. verðlaun og hafa þessir aðilar verið ráðnir til að vinna breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar með gerð rammahluta Vífilsstaðalands byggt á verðlaunatillögu.

Tilgangur með gerð rammahluta aðalskipulags er að leggja meginlínu í skipulagi umrædds svæðis með það að markmiði að ákvarða nánar um landnotkun, svo sem meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði og/eða áfanga deiliskipulagsáætlana. Breyting þessi er nánari útfærsla á gildandi aðalskipulagi svæðisins. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem þróunarsvæði og frekari útfærslu þess vísað í rammahluta. Breyting þessi er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, málsmeðferð er samkvæmt 36. gr. laganna. Í greinargerð þessari verður framvegis notast við heitið rammahluti Vífilsstaðalands

þegar fjallað er um þróunarsvæðið sem þessi breyting á aðalskipulagi nær til.

### 1.1 Viðfangsefni og markmið

Í rammahluta aðalskipulags eru skilgreindar forsendur og sett fram stefna til grundvallar deiliskipulagsgerðar m.a. um landnotkun, þéttleika byggðar, gatna- og stígakerfi og samspil byggðra og óbyggðra svæða. Þá verður gerð grein fyrir samspili skipulagssvæðisins og *Græna Trefilsins* (Heiðmerkur) sunnan og austan við skipulagssvæðið, sem er stefna sett í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Markmið bæjarstjórnar með gerð rammahluta Vífilsstaðalands er að móta raunhæfan ramma um uppbyggingu svæðisins þar sem áhersla er lögð á að svæðið verði í góðum tengslum við aðliggjandi byggð, útivistarsvæði, verndarsvæði og helstu samgönguæðar.

### 1.2 Vinningstillaga

Vinningstillagan, *Heilbrigð sál í hraustum líkama*, er innblásin af heilbrigðum sjónarmiðum frumkvöðlanna á Vífilsstöðum þar sem svæðið allt er mikilvægur hlekkur milli þéttbýlis og óbyggðra náttúrusvæða í nærumhverfi þess. Meginmarkmið tillögunnar er að móta heilsteypt skipulag vistlegrar byggðar, fjölbreyttrar íþróttastarfsemi og almennrar útivistar í sátt við náttúru svæðisins. Rík áhersla er lögð á góðar tengingar, með sérstaka áherslu á vistvæna ferðamáta, og móta tveir nýir gönguásar útgangspunkta tillögunnar.





**MYND 1** Vinningstillaga í samkeppni um rammaskipulag Vífilstaðalands.

- Vegagerðina
- Nærliggjandi sveitarfélög, Kópavogsbæ og Hafnarfjarðarbæ
- Umhverfisstofnun

### 1.3 Samráðsfundir við vinnslu tillögu

Fjölbreytt samráð hefur verið átt við hagsmunaaðila á svæðinu í gegnum skipulagsferlið. Allt frá samtali við íbúa og aðra hagsmunaaðila við mótun samkeppnislýsingar sumarið 2017 til vinnufunda og samstarfs við mótun tillögu að rammahluta Vífilstaðalands. Samráðsferlið hefur m.a. náð til eftirfarandi lykilaðila (ekki tæmandi upptalning):

- Núverandi íbúa í Hnoðraholti
- Golfklúbb GKG
- Golfvallarhönnuð GKG
- Skógræktarfélag Garðabæjar
- Hestamannfélagið Sprett

## 2 FORSENDUR

Skipulagssvæðið er að mestu óbyggt að undanskildu spítalasvæði Vífilisstaða og 5 ha íbúðabyggðar vestast í Hnoðraholti með 44 einbýlishúsum sem byggð voru á 9. áratugnum og standa við göturnar Eskiholt, Hrísholt og Háholt.



**MYND 2** Núverandi staðhættir.

Á spítalasvæðinu eru auk Vífilisstaðaspítala og bygginga sem tilheyra honum, grunnskóli og leikskóli Hjallastefnunnar og ungbarnaleikskólinn Sunnhvoll. Aðalbygging Vífilisstaða, sem er jafnframt elsta byggingin á svæðinu, er Vífilisstaðaspítali frá árinu 1910, teiknaður af Rögnvaldi Ólafssyni arkitekt. Þar var rekið heilsuhæli fyrir berklasjúklinga allt til ársins 1973 og var hælið þá gert að almennum spítala.

Búrekstur var á Vífilisstöðum til ársins 1974. Fjósið og íbúðarhúsin teiknaði Guðjón Samúelsson arkitekt en garðinn sunnan við spítalann hannaði Jón H. Björnsson landslagsarkitekt. Norðan við húsabyrpinguna er svokallaður UMFÍ-reitur, þar má finna ýmis fágæt tré sem komin eru nokkuð til aldurs. Sunnan húsabyrpingar er Vatnsmýri og óraskað Vífilisstaðahraun.



**MYND 3** Flugmynd af Vífilisstöðum eins og þeir eru í dag.

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar (GKG) var stofnaður árið 1994 og hefur verið með aðstöðu í Vetrarmýri. Í Vetrarmýri er 18 holu völlum (Mýrin) en auk þess er 9 holu völlum (Leirdalsvöllum) sem teygir sig yfir í Leirdal ofan við Salahverfi í Kópavogi. Sunnan til í Vetrarmýrinni stendur ný og vegleg íþróttamiðstöð klúbbsins og þar vestur af er áhaldahús. Í dag er 40 ha. svæði skilgreint umhverfis golfvöllinn innan bæjarmarka Garðabæjar skv. gildandi deiliskipulagi Hnoðraholt-Vetrarmýri frá 1996.




**MYND 4** Flugmynd horft í austur yfir golfvöll GKG og Smalaholt í fjarska.

Smalaholt er óbyggt og utan byggðamarka samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Aðliggjandi byggð til norðurs tilheyrir Kópavogi og þar liggja lóðir og götur alveg að sveitafélagsmörkum. Kjóavellir, hestúsa- og reiðvallasvæði hestamannafélagsins Spretts (sameiginlegt hestamannafélag Garðabæjar og Kópavogs), er við suðausturmörk skipulagssvæðisins. Reiðleiðir þaðan liggja innan skipulagssvæðisins.


## 2.1 Aðalskipulag Garðabæjar

Svæðið er skilgreint sem þróunarsvæði B í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og þar segir að meginrætti svæðisins alls, Hnoðraholt, Vetrarmýri og Vífilsstaði, skuli móta frekar í rammaskipulagi. Um þróunarsvæðið segir m.a. í aðalskipulagi að þar skuli rísa samfelld byggð sem myndar heilt skólahverfi. Gera skuli ráð fyrir stofnunum og verslun og þjónustu næst Reykjanesbraut á miðsvæði. Miðsvæðið liggur vel við stofnbrautum höfuðborgarsvæðisins vegna nálægðar við Reykjanesbraut


og mun því þjóna því öllu. Þróunarsvæði B er skilgreint sem samgöngumiðaður kjarni í aðalskipulaginu í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Samgöngumiðuð svæði eru ekki bein tengd við fyrirhugaða Borgarlínu heldur eru svæðin tengd við Borgarlínu með öflugum almenningsamgöngum.



**MYND 5** Skýringarmynd úr Aðalskipulagi Garðabæjar sem sýnir þjónustukjarna innan sveitarfélagsins. Vetrarmýri – Vífilsstaðir eru skilgreint sem samgöngumiðaður kjarni.



**MYND 6** Skýringarmynd úr svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sem sýnir hvernig samgöngumiðuð þróunarsvæði líkt og Víflsstaðaland tengjast fyrirhugaðri borgarlínu.



**MYND 7** Hluti af þéttbýlisupprætti úr aðalskipulagi Garðabæjar.

Í aðalskipulagi er sett fram eftirfarandi stefna um landnotkun og nýtingu svæðisins:

**TAFLA 1** Landnotkun og nýting svæðisins skv. gildandi aðalskipulagi.

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
<b>Hnoðraholt</b>				
4.03 Íb	6,1	Hnoðraholt	Sérbýlishúsabyggð, fullbyggt	Sérbýlishúsabyggð. Óbreytt.
4.04 Íb	52,1	Hnoðraholt	Óbyggt. Deiliskipulag þarfnast endurskoðunar	Megindrættir skipulags verða mótaðir í rammaskipulagi sbr. kafla 3.1.3 í samhengi við Vífilsstaði og Vetrarmýri. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Sjá ákvæði í kafla 5.4. um stríðsminjar
4.05 S	-	Hnoðraholt	Leikskóli. Óbyggt	Staðsetning, lóðarstærð og byggingarmagn ákvarðað í deiliskipulagi íbúðarsvæðis 4.04
4.06 VP	-	Hnoðraholt	Óbyggt, óskipulagt	Atvinnusvæði á Hnoðraholti. Megindrættir verða mótaðir í rammaskipulagi sbr. kafla 3.1.3.
<b>Vetrarmýri</b>				
4.08 VP	8,8	Vetrarmýri	Óbyggt. Deiliskipulag þarfnast endurskoðunar	Verður skipulagt í samhengi við aðliggjandi svæði. Þétt byggð, atvinnustarfsemi, stofnanir og íbúðir. Uppbygging skv. Deiliskipulagi
4.09 Íþ	11,9	Vetrarmýri	Óbyggt. Deiliskipulag í gildi	Nýtt íþróttasvæði í tengslum við grunnskóla og golfvöll. Fjölbreytt íþróttamannvirki. Deiliskipulag þarfnast endurskoðunar. Uppbygging skv. Deiliskipulagi. Tengist svæði 4.10
4.10 Íþ	33,7	Vetrarmýri, golfvöllur	Golfvöllur, félagsheimili, aðstöðubyggingar. Deiliskipulag í gildi	Golfvöllur verði endurskipulagður í samhengi við svæði 4.09.
4.13 Íþ	10,5	Stækkun golfvallar	Óbyggt, óskipulagt.	Stækkun golfvallar 4.09. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
4.07 S	-	Vetrarmýri	Grunnskóli og leikskóli. Óbyggt	Staðsetning, lóðarstærð og byggingarmagn ákvarðað í deiliskipulagi íbúðarsvæðis 4.04.

<b>Vífilsstaðir</b>				
4.01 S	24,9	Vífilsstaðir	Núv. Vífilsstaðaspítali	Blönduð byggð, stofnanir, íbúðir
4.02 Op	3,6	Vífilsstaðir	Skrúðgarður hannaður af fyrsta íslenska landslagsarkitektinum Jóni H. Björnssyni 1952. Norðan Vífilsstaðaspítala er Ungmennafélagsreitur með fjallafurum og birki, gróðursett 1913.	Gert er ráð fyrir að Vatnsmýri og umhverfi hennar sunnan við Vífilsstaði verði þróað áfram sem náttúrugarður og fléttist saman við garðinn við Vífilsstaði. Áætlað er að viðhalda votlendi með tjörnum og hólmum og verður unnið að deiliskipulagi í þeim tilgangi.
<b>Vífilsstaðahraun - Svínahraun</b>				
4.20 Fs	72,5	Vífilsstaðahraun (Svínahraun)	Friðlýst 2014	Sjá ákvæði um Garðahraun.
<b>Rjúpnadalur</b>				
5.21 Fs	4	Mariuhellar	Fólkvangur 2014	Sjá ákvæði um Garðahraun og Svínahraun
4.14 K	12	Rjúpnadalur	Fyrrum fjarskiptastöð. Óbyggt land. Óskipulagt.	Nýr kirkjugarður. Svæðið undirbúið fyrir framtíðarnotkun með efnislosun fyrir hentugan jarðveg
<b>Smalaholt</b>				
Smalaholt	53	Smalaholt	Úr landi Vífilsstaða. Skógræktarfélag Garðabæjar hóf þar gróðursetningu 1988 og er þar fullplantað, en íbætur hafa verið stundaðar undanfarnin ár. Þar hafa félagasamtök og grunnskólar í Garðabæ ræktunarreiði um 1 ha að stærð hver. Á svæðinu eru útivistarstígar og áningarstaðir.	Ræktun á grundvelli landgræðsluskógasamninga

## 2.2 Náttúrufar

Skipulagssvæðið einkennist af tveimur holtum; Hnoðraholti og Smalaholti auk, Vetrarmýri og Vífilsstaðahrauni. Til suðurs hækkar land lítillaga aftur við Smalaholt og lækkar á ný niður að Vífilsstaðavatni. Hæsti punktur Hnoðrahólts er í um 93 m.h.y.s. og hallar til suðurs að Vetrarmýri, sem er í um 40 m.h.y.s. Suðurhlíðar Hnoðrahólts eru brattar en efst er nokkuð sléttlend bunga. Til austurs rísa Smalaholt og Rjúpnahæð og hallar landið nokkuð bratt þaðan niður að Vífilsstaðavatni. Innan svæðisins skiptast á holt, mýrar og hraun. Töluvert jarðvegisdýpi er neðst í Vetrarmýri eða allt að 12 m.

Arnarneslækur á upptök sín í lindaruppsprettum í Vetrarmýri, þaðan sem hann rennur undir Reykjanesbraut og áfram til vesturs í Arnarnesvog. Vífilsstaðalækur á upptök sín í Vífilsstaðavatni, rennur gegnum Vatnsmýri og áfram í átt að sjó og heitir þá Hagakotslækur og Hraunholtslækur. Vífilsstaðavatn og Vatnsmýrin eru auðug af fuglalífi og má þar nefna flórgoðann á Vífilsstaðavatni. Í vatninu er stunduð veiði.

Í Vetrarmýri er u.þ.b. 50 ha svæði af framræstu votlendi, þar er grunnvatnsstaða há og lítið súrefni kemst niður í jarðveg, jarðvegur í votlendi er því kolefnisríkur. Við rask á kolefnisríkum jarðvegi verður mikil losun á gróðurhúsalofttegundum. Til þess að bregðast við þeirri losun er mögulegt að fara í mótvægisáðgerðir svo sem endurheimt votlendis og áðgerðir sem miða að því að draga úr losun vegna flutninga og framkvæmd. Garðabær hefur unnið að endurheimt votlendis innan sveitarfélagsins og mun áfram horfa til þess að endurheimta votlendi eða í samstarfi við þjónustuaðila eins og Votlendissjóð og reyna að lágmarka losun vegna flutninga og framkvæmda.

Skógræktarsvæði/útivistaskógur Skógræktarfélags Garðabæjar er í vestur hlíð Smalahólts norðan Vífilsstaðavatns og er það byggt á grundvelli landgræðsluskógasamninga. Útivistaskógur í Smalaholti, ásamt skógræktinni í Sandahlíð er hluti af *Græna treflinum*. Töluverður trjágróður er einnig á öðrum svæðum og á síðustu árum hefur lúpína breiðst hratt um holtin. Vífilsstaðahraun er mosavaxið og þar er einnig töluverður sjálfsprottinn trjágróður.



**MYND 8** Náttúrufar og verndarsvæði.

Vífilsstaðahraun er hluti af fólkvang og er friðlýst svæði og Vífilsstaðavatn og svæðið suðaustur af því er friðland.

Vistfræðilegt gildi svæðisins liggur einkum í Vífilsstaðahrauni og birkiskóginum sem þar vex, Vatnsmýri, Vífilsstaðalæk, Vífilsstaðavatni og

Arnarneslæk. Allt skipulagið miðast við að vernda og viðhalda þessum svæðum og leggur almennt áherslu á samspil náttúru og hins byggða umhverfis. Leitast skal við að lágmarka jarðrask á framkvæmdatíma, halda framkvæmdum utan varptíma, ef þess er kostur, og beita mótvægisáðgerðum eftir því sem við á, s.s. blágrænum ofanvatnslausnum og aðferðum til þess að vernda og viðhalda vistgerðum á óbyggðum svæðum.



**MYND 9** Skýringarmynd með vinningstillögu sem sýnir núverandi staðhætti.

### 2.3 Samgöngur

Reykjanesbraut er stofnbraut og liggur meðfram vesturmörkum skipulagssvæðisins. Norðan við svæðið liggur önnur stofnbraut, Arnarnesvegur sem hefur austur-vestur legu frá gatnamótum


Rjúpnavegar – Fífuhvammsvegur í Kópavogi að Hafnarfjarðarvegi. Elliðavatnsvegur/Flóttamannavegur liggur sunnan skipulagssvæðisins og hefur austur-suður legu frá gatnamótum Vatnsendavegar-Austurkórs í Kópavogi að Kaldárselsvegi í Hafnarfirði. Í núverandi mynd uppfyllir Elliðavatnsvegur/Flóttamannavegur ekki kröfur í vegstöðlum, m.a. hvað varðar sjónlengdir og beygjuradíusa. Í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 var legu vegarins breytt, m.a. til þess að tengja betur hverfi innan Garðabæjar sem og að tengja þau betur við stofnbrautir. Aðrar tengingar við Vífilsstaðaland eru undirgöng undir Reykjanesbraut norðan við Vetrarmýri. Í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 var gert ráð fyrir möguleika á nýrri vegtengingu um Leirdalsop og nánari útfærslu vísað í vinnu við þennan rammahluta Vífilsstaðalands.

Mynd 10 sýnir núverandi gatna- og vegakerfi og núverandi umferðarmagn á þeim.

Umferðarmagn á Reykjanesbraut er töluvert í dag og mun aukast með aukinni uppbyggingu á svæðinu og höfuðborgarsvæðinu öllu. Þættir sem hafa áhrif á loftmengun auk umferðar eru m.a. staðhættir, landslag og veðurfar. Rúm er fyrir breikkun Reykjanesbrautar í framtíðinni. Samhliða tvöföldun Reykjanesbrautar var unnið umhverfismat vegna breikkunarinnar af verkfræðistofunni Hnit árið 2002, *Mat á umhverfisáhrifum – Matsskýrsla*. Niðurstöður umhverfismatsins eru m.a. að loftmengun vegna umferðar sé innan marka mengunarnarnareglugerðar (miðað við áætlað umferðarmagn árið 2020) og muni jafnvel minnka með breikkun brautarinnar þar sem umferð verður greiðari, umferðatími styttest og aksturslag verður jafnara.

Loftmengun s.s. svifryksmengun vegna malbiks er til staðar á öllu höfuðborgarsvæðinu og því ekki sérstaklega bundin við þetta svæði.

Aukin notkun vistvænna ferðamáta er einnig leið til þess að draga úr loftmengun vegna samgangna.



**MYND 10** Núverandi umferð á gatnaneti kringum og inn á skipulagssvæðinu, metin út frá talningum.

Fyrirhugaðar tengingar inn á svæðið eru fimm talsins, þar af eru þrjár til staðar í dag:

- 1) mismæg gatnamót Vífilsstaðavegar og Reykjanesbrautar,
- 2) undirgöng undir Reykjanesbraut norðan við Vetrarmýri,
- 3) tenging frá hringtorgi á Arnarnesvegi norðan við Hnoðraholt,
- 4) tenging við Leirdalsop frá Hnoðraholti og
- 5) Elliðavatnsvegur/Flóttamannavegur austast á Rjúpnahæð, en hann liggur frá hesthúsasvæðinu á Kjóavöllum og Kórahverfi í

Kópavogi, vestur að Vífilsstaðavatni og áfram til suðurs að Urriðaholti.

## 2.4 Veitukerfi og ofanvatn

Hnoðraholt og Vífilsstaðaland skiptast í nokkur afrennslissvæði ofanvatns. Syðri hluti Vífilsstaðalands streymir að Vífilsstaðalæk og Vífilsstaðavatni, nyrðri hluti Hnoðraholt streymir að Arnarnesveg og niður í áttina að Reykjanesbraut en syðri hluti Hnoðraholt og nyrðri hluti Vífilsstaðalands streymir að Vetrarmýri. Aðstæður í Vetrarmýri eru þannig að við vissar aðstæður streymir einnig ofanvatn frá hluta af Kópavogi yfir að Vetrarmýri. Huga þarf að flóðavörnum fyrir fyrirhugaða byggð í Vetrarmýri í deiliskipulagi og tryggja takmarkað rennsli að ræsi undir Reykjanesbraut með því að safna ofanvatni saman í ofanvatnslausnum fyrir ofan flóðvarnir.

Í miklum leysingum þegar frost er í jörðu getur ofanvatn flætt yfir svæði í Vetrarmýri. Í dag virkar Vetrarbraut sem flóðvarnargarður á svæðinu og í ákveðnum aðstæðum safnast ofanvatn saman á golfvallarsvæðinu. Gert verður ráð fyrir nýjum flóðvarnargarði neðarlega í vatnasviði Vetrarmýri austan við fyrirhugaða byggð til þess að vernda hana fyrir hugsanlegum flóðum. Á svæðinu austan við nýja flóðvarnargarðinn er gert ráð fyrir að áfram verði golfvöllur og nýjir æfingavellir fyrir boltaíþróttir. Ef kemur til þess að stærra flóð flæðir yfir svæðið, getur flætt fyrir hluta af golfvelli og æfingavelli. Í þeim aðstæðum sem líkur eru á stærri flóðum, í leysingum og frost er í jörðu, er alla jafnan ekki starfsemi á golfvelli eða æfingavöllum.

Með tilkomu nýs flóðvarnargarðar verður ný byggð vestan við flóðvarnargarðinn ekki á skilgreindu flóðasvæði. Hins vegar mun ofanvatn



safnast saman austan við flóðvarnargarðinn. Ef ekki yrði lagt í að vernda byggð í Vetrarmýri fyrir mögulegum flóðum væri hættu á því að byggingar flæði, með viðeigandi hættu á eignatjóni, hættu fyrir íbúa og aðra á svæðinu á þeim tímapunkti.



**MYND 11** Áhrifasvæði flóða í Vetrarmýri. Flóðvarnargarður merktur með þykkri rauðri línu, áætlað er að ofanvatn safnist saman á svæði merkt með bláum lit. Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir er ekki talið ólíklegt að flóð hafi áhrif á landsvæði ofan við hæðarlínu í 40 m.y.s. merkt með rauðum lit.

Efst á Hnoðraholti má búast við að grunnvatn liggja á töluverðu dýpi, en eftir því sem kemur neðar í hlíðina til suðurs má búast við hækkandi grunnvatnsstöðu þar til komið er niður í Vetrarmýri. Þar liggur grunnvatn rétt undir yfirborði lands. Þó má gjarnan búast við fölsku grunnvatnsborði við skil klappar og lausra jarðlaga ofar á holtunum. Á holtinu í kringum

Vífilsstaði má gera ráð fyrir að grunnvatnsyfirborð sé rétt neðan við klapparyfirborð.

Háspennuloftlína (Hnoðraholtslína 1) liggur til norðurs, austan við Vífilsstaðavatn, í gegnum útivistarskóg í Smalaholti. Þaðan liggur hún áfram í jörðu til norðurs. Búast má við að með uppbyggingu svæðisins verði línan með tíð og tíma lögð í jörðu sbr. stefnu bæjarstjórnar Garðabæjar sem sett er fram í kafla 4.4.5 í samþykktu aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Samræma þarf almenna umgengni og framkvæmdir umhverfislínuna með Veitum og Landsnet og skipuleggja lagnakvaðir vegna rafdreifikerfis í samræmi við aflþörf og framtíðar dreifikerfi um svæðið. Á uppdrætti eru háspennulínur sýndar með helgunarsvæði og öryggissvæði, þar sem mannvirkjagerð er óheimil nema í samráði við Landsnet. Líkt og fram kemur í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-203 þarf í næsta nágrenni háspennulína og jarðstrengja að tryggja að helgunarsvæði þeirra sé virt t.d. með því að skógrækt verði ekki stunduð þar. Einnig skal tryggja greiðan aðgang að línunum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. Þar getur verið um að ræða aðkomu ýmissa vélknúinna tækja.

## 2.5 Hindrunarfletir flugvallar

Hindranafötur Reykjavíkurlugvallar nær að hluta yfir land Garðabæjar og mega engar byggingar eða mannvirki, t.d. byggingakranar fara upp fyrir hann nema með samþykki Samgöngustofu, samanber ákvæði loftferðalaga nr. 60/1998. Hallandi hindrunarfötur Reykjavíkurlugvallar nær yfir skipulagssvæðið, í skilmálum deiliskipulagsáætlana skal setja skilmála sem m.a. taka á hindranalýsingu bygginga og innviða og byggingakrana á framkvæmdatíma, skilmálar skulu unnir í samráði við

Samgöngustofu/Isavia. Hindranafloetur Reykjavíkurflugvallar er sýndur á mynd 12.



**MYND 12** Hindrunarflötur Reykjavíkurflugvallar yfir Garðabæ. Mynd úr aðalskipulagi Garðabæjar.


## 2.6 Jarðfræði

Tvær megin jarðvegsmyndanir eru að finna á svæðinu, þurrlendisholt og flóamýri. Hnoðraholtið er holt sem rís upp yfir umhverfi sitt. Berggrunnur þess er svokallað Reykjavíkurgrágrýti (*merkt BG og RG á mynd 13*), en það þekur mestan hluta Reykjavíkarsvæðisins, frá Mosfellsdal og suður fyrir

Hafnarfjörð. Reykjavíkurgrágrýtið er dæmigert dyngjuhraun runnið á hlýskeyðum ísaldar. Grágrýtið er gert úr þunnum hallalitlum hraunlögum,

sem liggja hvert ofan á öðru. Algengast er að kargalög á lagmótum séu þunn, séu þau yfir höfuð til staðar. Bergið er að jafnaði ferskt og óholufyllt, nema þar sem jarðhiti hefur leikið um það. Aldur þess er óviss, en sennilega er að minnsta kosti yngsti hluti þess frá upphafi síðasta hlýskeyðs fyrir um 120.000 árum. Jökulruðningur liggur ofan á holtinu og misþykkur lífrænn jarðvegur. Lúpína er ríkjandi gróður en birki, fura og öðrum trjátegundum hefur verið plantað í holtið.

Vetrarmýrin er flóamýri sem liggur í dæld sem afmarkast af Hnoðraholti í norðri, Rjúpnahæð í austri, Vífilstöðum í suðri og hæð í landinu vestan við mýrina. Þar eru lindaruppsprettur og þykk laus lífræn jarðlög hafa safnast saman í dældinni. Þar hefur mýrin hlaðið upp allt að 12 m þykkum jarðlögum, sem er með því allra þykkasta sem þekkt á höfuðborgarsvæðinu Berggrunnur undir mýrinni er skálagað móbergs- og bólstrabrotaberg (*merkt MR á mynd 13*). Móbergsmýrdunin er af svipuðum aldri og Reykjavíkurgrágrýtið og hefur líklega myndast þegar hraunlög hafa runnið út í sjó eða vötn. Þessi myndun er ríkjandi vestan við svæðið og neðarlega í holtum svæðisins. Náttúrulegt afrennsli úr mýrinni er um haft eða þröskuldur í norðvestur hluta mýrinnar í Arnarneslæk til sjávar. Umræddur þröskuldur er umtalsvert hærri en botn mýrinnar, sem skýrir mikla þykkt á lífrænum jarðvegi. Svo virðist sem að umtalsvert streymi á grunnvatni sé á lagmótum móbergsmýrdunarinnar og grágrýtisins. Reykjanesbrautin hefur að öllum líkindum breytt náttúrulegu afrennsli að einhverju leyti. Berggrunnur undir mýrinni er móberg. Gera má ráð fyrir krefjandi grundunaraðstæðum við þau mannvirki sem verða reist í Vetrarmýri.



**MYND 13** Jarðfræðikort af Garðabæ. (Helgi Torfason o.fl., 1998).

## 2.7 Minjar

Samhliða vinnu við rammahluta Vífilsstaðalands var unnin fornleifaskráning vegna rammahluta af Antikva ehf. Innan skipulagssvæðisins eru nokkrar þekktar minjar, aðallega búsetuminjar og flestar þeirra í kringum Vífilsstaði. Þar má m.a. nefna vörður, útihús, túngarða, kálgarða og traðir. Austan við íbúðarbyggðina í Hnoðraholti eru herminjar frá hernámstíð Breta í síðari heimstyrjöldinni. Vestarlega í Smalaholti, rétt neðan við íbúðarbyggð Kópavogs við bæjarmörkin, er sérkennileg rista/lágmynd í stein. Innan svæðisins eru merkar söguminjar s.s. Berklastígur og byggingar við Vífilsstaði.



**MYND 14** Minjar eru skráðar víða á svæðinu flestar við Vífilsstaði. Skýringarmyndin er leiðbeinandi og vísað er í fornleifaskráningu með rammahluta Vífilsstaðalands fyrir frekari upplýsingar um minjar.

Elsta hús Vífilsstaðaspítala var byggt árið 1910 (höf. Rögnvaldur Ólafsson, arkitekt) og er það því friðað skv. 100 ára reglu laga um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29. Nokkur hús til viðbótar hafa ekki náð 100 ára aldri en eru byggð 1925 eða fyrr og falla því undir 30. gr. sömu laga, en í því felst að leita skal álits Minjastofnunar Íslands ef til stendur að breyta þeim, flytja eða rífa. Þessi hús eru:

Íbúðarhús (yfirlæknisbústaður) byggður 1919, höf. Guðjón Samúelsson.

- Fjós og hlaða, byggð 1920, höf. Guðjón Samúelsson
- Súgurrkun byggð 1920
- Bókasafn, líkhús, þjónustuhús byggð 1925

- Íbúðarhús (starfsmannabústaður) byggt 1925, höf. Guðjón Samúelsson og Einar Erlendsson
- Íbúðarhús byggt 1925.

Skv. minnispunktum Péturs H. Ármannssonar frá 1. okt. 2014, hefur Minjastofnun Íslands hafið undirbúning að tillögu að friðlýsingu Vífilsstaðaspítala og fleiri bygginga á staðnum. Í minnispunktunum koma fram eftirfarandi rök fyrir friðlýsingunni:

*Vífilsstaðir er tímamótabygging í margþættum skilningi. Bygging þess var tæknilegt afrek á sínum tíma auk þess sem staðurinn skipar veigamikinn sess í sögu íslenska heilbrigðiskerfisins. Auk spítalans eru fleiri merkar byggingar á Vífilsstöðum sem eðlilegt væri að friða um leið og aðalbygginguna. Má þar nefna læknisbústað eftir Guðjón Samúelsson frá árinu 1919, fjós og hlöðu eftir sama höfund frá 1924 og starfsmannabústað frá 1925, sem Guðjón Samúelsson og Einar Erlendsson teiknuðu. Saman mynda þessar byggingar sterka listræna og skipulagslega heild sem hefur tengingu við ósnortna náttúru á jaðri Heiðmerkursvæðisins. Staðarmynd Vífilsstaða er tilkomumikil og ber að huga vel að umhverfisgildi staðarins og samspili við náttúruna við mótun tillagna um friðun. (Pétur H. Ármannsson, 2014)*

Vífilsstaðaspítali er ekki friðlýst bygging en nýtur svokallaðrar aldursfriðunar og verndar skv. 29. og 30. grein laga um minjavernd nr. 80/2012.

## 2.8 Verndar- og friðlýstsvæði

Innan skipulagssvæðisins er að finna friðlýst svæði og í jaðri og næsta nágrenni þess eru verndarsvæði. Taka þarf tillit til þeirra við

skipulagsvinnu og snýst tillagan um að styðja við þau svæði og samræma byggð að þeim. Hér er fjallað stuttlega um þau svæði sem eru friðlýst og/eða vernduð.

### 2.8.1 Vífilsstaðahraun

Vífilsstaðahraun er friðlýst svæði innan skipulagssvæðisins og tengist friðlýstu svæði til norðvesturs, Garðahrauni. Um friðlýsingu Garðahrauns og Vífilsstaðahrauns segir m.a. í aðalskipulagi Garðabæjar:

*Markmið friðlýsingarinnar er að stofna fólkvang, útivistarsvæði í þéttbýli, þar sem jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar, m.a. fornar rústir eru verndaðar. Með friðlýsingunni eru tryggðir möguleikar til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu í náttúrulegu umhverfi.*

Hraunið er talið vera um 8.000 ára gamalt og er það bæði aðgengilegt og hentar og hentar vel til útivistar, fræðslu og rannsókna fyrir áhugamenn jafnt sem vísindamenn.



**MYND 15** Flugmynd horft til vesturs yfir Vífilsstaðahraun, Vatnsmýri og Vífilsstaði.

### 2.8.2 Vatnasvið Vífilsstaðavatns

Utan skipulagsmarka er friðlýst svæði Vífilsstaðavatns og vatnasviðs þess. Við vatnið og umhverfis það er m.a. varplendi anda, flórgoða og mófugla. Um friðlýsingu Vífilsstaðavatns og nágrennis segir m.a. í aðalskipulagi Garðabæjar:

*Markmið með verndun nærsvæðis vatnsins er að tryggja eðlilegt grunnvatnssstreymi til þess og viðhalda náttúrulegu gróðurfari svæðisins. Enn fremur er það markmið friðlýsingarinnar að treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.*


Vífilsstaðavatn og Hraunholtslækur teljast til annarra náttúruminja skv. Umhverfisstofnun, þar segir um Hraunholtslæk: „Hraunsholtslækur, frá upptökum til ósa í Arnarnesvogi auk 200 m breiðrar spildu af

*Búrfellshrauni meðfram læknum að sunnan. Fallegur lækur milli hrauns og hlíðar. Vinsælt útivistarsvæði.“*

Gerðar hafa verið reglubundnar athuganir á Vífilsstaðavatni á undanförunum árum og mengunarflokkur vatnsins metinn. Niðurstöður mælinga 2013 og 2016 sýna að fyrir alla vöktunarpætti er vatnið og Vífilsstaðalækur skilgreint sem ósnortið vatn (mengunarflokkur A) eða lítið snortið vatn (mengunarflokkur B).



**MYND 16** Flugmynd sýnir Vífilsstaðavatn og hluta Elliðavatnsvegar/Flóttamannavegar horft til austurs.



**MYND 17** Yfirborðsvatnasvið Vífilsstaðavatns afmarkað með blárrí brota línu.

## 2.9 BREEAM – vottun skipulags

Rammahluti aðalskipulags – Vífilsstaðalands og Hnoðraholt í Garðabæ verður unnin í samræmi við vistvottunarkerfi BREEAM fyrir skipulagsáætlanir (e. communities). Garðabær hefur áður unnið innan ramma BREEAM, þar sem skipulag Urriðaholt, er fyrsta skipulagið á Íslandi til að vera vottað af vistvottunarkerfi. Þar er einnig eina vistvottaða einbýlishús landsins en það hlaut Svansvottun árið 2017. Með umhverfsvottun skipulags er tryggt að umhverfisáhrif skipulags sem og samflot þess við nærliggjandi umhverfiseinkenni sé í forgangi. Er það gert með því að fylgja eftir kröfum sem settar eru fram í vottunarkerfi af þriðja aðila. Skilmálar og hönnun svæðis taka því mið af því að uppfylla fyrir fram skilgreindar kröfur út frá sjálfbærnisviðmiðum. Rammahluti aðalskipulags – Vífilsstaðalands og Hnoðraholt er í vottunarkerfi BREEAM fyrir skipulagsáætlanir. Vinnu við vottun skipulagsins er skipt upp í þrjú skref:

1. Forsendur og gagnaöflun
2. Frumhönnun svæðis
3. Fullnaðarhönnun svæðis

Innan BREEAM vottunarkerfisins eru settar fram kröfur undir fimm meginflokkum:

- *Samráð og stjórnun:* Stuðlar að þátttöku samfélagsins í ákvarðanatöku sem hefur áhrif á hönnun, uppbyggingu, framkvæmd og viðhald framkvæmda til framtíðar.
- *Félagsleg og efnahagsleg velferð:* Áhersla er lögð á að efla þá samfélags- og efnahagsþætti sem hafa áhrif á heilsu og lífsskilyrði fólks eins og fullnægjandi húsnæði og aðgang að atvinnu.



**MYND 18** Unnið er að vottun skipulagssvæðisins samkvæmt BREEAM Communities kerfinu.

- *Auðlindir og orka*: Fjallar um sjálfbærni auðlinda og hvernig hægt er að draga úr kolefnislosun.
- *Landnotkun og vistfræði*: Hvetur til sjálfbærrar landnotkunar, aðlögunar að loftlagsbreytingum og eflingu vistkerfa.
- *Samgöngur og aðgengi*: Áhersla er lögð á hönnun lausna fyrir samgöngur og samgönguinnviði sem hvetja til notkunar vistvænna samgöngumáta.

Vottunarkerfið er tvíþætt, annars vegar er litið til þess hvort skipulag uppfylli ákveðin lágmarksskilyrði og í kjölfarið er gefin fullnaðarvottun (einkunn) út frá fjölda krafna sem skipulagið uppfyllir. Garðabær mun sækjast eftir að uppfylla lágmarksskilyrði fyrir rammahluta Vífilsstaðalands. Í kjölfarið verður unnið að fullnaðarvottun fyrir deiliskipulagsáætlanir, verða sett fram mismunandi markmið um einkunnir fyrir hvert svæði, m.t.t. sérstöðu hvers svæðis.

### 3 TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Landsskipulagsstefna og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, *Höfuðborgarsvæðið 2040* eru til grundvallar við gerð rammahluta Vífilsstaðalands (breytingar þessarar á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030), ásamt lögum/reglugerðum um verndarsvæði.

#### 3.1 Landsskipulagsstefna

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins á aðalskipulagsstigi skulu taka tillit til eftirfarandi viðmiða í landsskipulagsstefnu:

- Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir. Tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðli að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa.
- Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Einnig verði sérstaklega hugað að almenningsrýmum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar, matjurtaræktunar og náttúruupplifunar og varðveita verðmæt náttúrusvæði. Jafnframt verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda.
- Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausna og bætta nýtni við auðlindanotkun.
- Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.
- Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningssamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.
- Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvá, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.



### 3.2 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Í svæðisskipulagi eru dregin vaxtarmörk byggðar á skipulagstímabilinu og sett fram markmið um uppbyggingu. Í markmiði 1.1, *þróun þéttbýlis verður innan vaxtarmarka*, kemur m.a. fram að nýrri íbúðarbyggð skuli almennt komið fyrir í þéttu og samfelldu framhaldi af byggð sem fyrir er, eftir því sem staðhættir leyfa. Með því móti sé unnt að stuðla að betri nýtingu grunnkerfa samgangna, veitna og almannaþjónustu. Þá kemur einnig fram að byggð skuli að jafnaði vera undir 100 m hæð yfir sjávarmáli þar sem úrkoma og lágt hitastig að vetri hafi takmarkandi áhrif á umferð um svæðið. Í svæðisskipulagi er einnig fjallað um svokölluð samgöngumiðuð þróunarsvæði sem skulu tengjast fyrirhugaðri Borgarlínu. Vífilsstaðaland er skilgreint sem samgöngumiðuð þróunarsvæði.

### 3.3 Deiliskipulagsáætlanir innan skipulagssvæðisins

Innan skipulagssvæðisins er í gildi deiliskipulag frá 17. apríl 1996 Hnoðraholt – Vetrarmýri unnið af Pálmari Ólasyni og Einari Ingimarssyni. Þar er hluti Hnoðrahólts skipulagður fyrir íbúðarbyggð en skipulagi annarra hluta þess frestað. Skipulagi á miðsvæði er frestað en í gildi er skipulag golfvallar á útivistarsvæði til sérstakra nota. Alls hafa verið gerðar sex breytingar á deiliskipulagi Hnoðrahólts – Vetrarmýri, m.a. vegna golfskála, fjölnota íþróttahúss og smærri breytingar vegna byggingareita sérbýlishúsa. Unnar verða nýjar deiliskipulagsáætlanir fyrir þessi svæði sem byggja á rammahluta Vífilsstaðalands og munu þá gildiandi deiliskipulagsáætlanir falla úr gildi.



MYND 19 Gildandi deiliskipulag Hnoðraholt – Vetrarmýri frá 1996.

### 3.4 Gildandi skipulagsáætlanir aðliggjandi svæða

Eftirtaldar skipulagsáætlanir aðliggjandi svæða eru í gildi m.s.br.:

- Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024
- Deiliskipulag fyrir Heiðmörk frá 2017
- Deiliskipulag Kjóavalla frá 2008
- Deiliskipulag Heiðmerkur
- Deiliskipulagsáætlanir í Urriðaholti
- Deiliskipulag Hnoðraholt og Smalaholt frá 2006
- Deiliskipulag Arnarnesvegur, milli Reykjanesbrautar og Fífuhammsvegur frá 2009

## 4 RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS

Skipulagssvæðis allt er mikilvægur hlekkur milli þéttbýlis og óbyggðra náttúrusvæða en samfara aukinni þéttingu byggðar á höfuðborgarsvæðinu eykst mikilvægi aðlaðandi útivistarsvæða í góðum tengslum við borgarumhverfið. Innan svæðisins er að finna flestar þær landslagsgerðir sem náttúra höfuðborgarsvæðisins hefur uppá að bjóða s.s. grágrýtisholt, mýrar og votlendi, hraunbreiður, ræktaðan útivistarskóg og náttúrulegt birkikjarr. Klassískt yfirbragð og sterk sjónræn nærvera Vífilsstaðaspítala er eitt af megin kennileitum svæðisins og er gert hátt undir höfði í rammahluta Vífilsstaðalands.

Á Hnoðraholti er gert ráð fyrir áframhaldandi íbúðabúðabygg ásamt leikskóla og lítilsháttar verslun og þjónustu. Í Vetrarmýri er miðsvæði þar sem byggð íþróttasvæði og golfvöllur leggst að Vífilsstaðaás, nýjum grænum ás með stíg í trjágöngum. Stígurinn framlengist til norðurs frá miðju Vífilsstaðaspítalans, sem tröppustígur upp hlíðar Hnoðrahólts og endar í útsýnisstað á neðri kalli hóltsins. Ásinn heldur óbeinn áfram frá Vífilsstaðaspítala til suðurs með göngu- og fuglaskoðunarbrú út í hraunjaðar Vífilsstaðahrauns. Ásinn þverar íþróttasvæðið og tengir fjölbreytta starfsemi þess við skólann og umhverfi hans. Fyrirkomulag íþróttasvæðis er þannig að það býður upp á möguleika til frekari þróunar þegar fram í sækir. Golfvöllur tekur við þar sem íþróttasvæði endar. Á Vífilsstöðum er áfram gert ráð fyrir frekari uppbyggingu stofnana t.a.m. með heilsutengdri starfsemi. Austan við Vífilsstaði er gert ráð fyrir íbúðabyggð með útsýni yfir Vífilsstaðavatn og nágrenni. Útivistaskógur er í hlíðum Smalahólts og í Rjúpnadal er gert ráð fyrir kirkjugarði. Vífilsstaðahraun er friðað.


Blágrænum ofanvatnslausnum er beitt til þess að tryggja heilbrigðan vatnsbúskap í vistkerfum Vífilsstaðavatns, Vatnsmýrar, Vífilsstaðalækjar og Arnarneslækjar. Yfirborðsvatn mun gegna virku hlutverki í fjölbreytileika og yfirbragði opinna svæða og almenningsrýma.

Samkvæmt 4 mgr. 28 gr. skipulagslaga 123/2010 er heimilt að kveða á um þróun byggðar á nýjum eða eldri svæðum í rammahluta aðalskipulags. Í skipulagsreglugerð segir að í rammahluta sé m.a. heimilt að útfæra nánar stefnu aðalskipulags fyrir afmarkað svæði, þ.m.t. skiptingu svæðis í deiliskipulagsreiti og áfangaskiptingu þeirra. Viðfangsefnið er m.a. landnotkun, þjónustukjarnar, húsagerð, yfirbragð byggðar, umferðaskipulag og fyrirkomulag almenningsrýma og önnur landnotkun. Einnig skal gera grein fyrir áhrifum utan þess svæðis sem rammahluti nær til s.s. á samgöngur, veitur og landnotkun.

Skipulagsvæðinu er skipt upp í fimm skipulagssvæði eftir einkennum og landslagi, sem síðan skiptast í alls 9 deiliskipulagsáfangar. Fyrstu áfangar uppbyggingar eru fyrirhugaðir á miðsvæði í Vetrarmýri samhliða uppbyggingu fjölnota íþróttahúss, uppbygging íbúðabyggðar og verslunar- og þjónustusvæðis í framhaldi af núverandi íbúðabyggð í Hnoðraholti norður og í Rjúpnadal með undirbúningi jarðvegs fyrir kirkjugarð og lóð fyrir meðferðarheimili. Þar næst er gert ráð fyrir að unnið verði deiliskipulag golfvallar, skóla og íþróttasvæðis austan Vífilsstaðaás og útivistarskógar í Smalaholti, en undirbúa þarf jarðveg fyrir nýjar golfbrautir. Horft er til uppbyggingar á Vífilsstöðum til lengri framtíðar, áform heilbrigðisyfirvalda um uppbyggingu liggja ekki fyrir en t.d. eru tækifæri til uppbyggingar á heilsutengdri starfsemi, hátækni sjúkrahúsi eða álíka.



**MYND 20** Yfirlitsmynd yfir skipulagssvæðið, landnotkun og helstu kennileiti.



**MYND 21** Skýringarmynd sem sýnir áfangaskiptingu og deiliskipulagsreiti.

#### 4.1 Almenn stefna í rammahluta Vífilsstaðalands

Skipulaginu er ætlað að móta heildstætt skipulag vistlegrar byggðar sem byggir á sérstöðu svæðisins til samræmis við stefnu í aðalskipulagi Garðabæjar. Sérstakar áherslur skipulagsins eru:

- Öll uppbygging og þróun svæðisins skal vera í góðum tengslum og sátt við nálæga náttúru og byggð í Garðabæ
- Hafa skal sjálfbærni að leiðarljósi og notast við vistvænar lausnir
- Raunhæf og sveigjanleg áfangaskipting
- Framsýn og raunhæf lausn fjölbreytts íþróttasvæðis í góðum tengslum við byggð og samgöngur
- Fjölbreytt útivistarsvæði, með aðlaðandi dvalar- og leiksvæðum

- Fjölbreyttar húsagerðir og búsetuform, þar sem hagkvæmni og sveigjanleiki eru höfð að leiðarljósi
- Fyrsta flokks golfvöllur í góðum tengslum við byggð, samgöngur og útivistarsvæði
- Varðveita og meta varðveislugildi bygginga á Vífilsstöðum, hlutverk og þróun Vífilsstaða og nærliggjandi umhverfis
- Skilvirkar samgöngur sem falla vel að umhverfi sínu með aukna áherslu á vistvæna ferðamáta s.s. göngu og hjólreiðar
- Umhverfisleg gæði byggðar; nálægð við útivistarsvæði, útsýni, hljóðvist og skjólmyndun
- Við deiliskipulagsgerð er hvatt til þess að vinna samkvæmt vistvottunarkerfi, BREEAM eða sambærilegu í samráði við sveitarfélagið

#### 4.2 Stefna um samgöngur

Í skipulagi Vífilsstaðalands er lögð áhersla á fjölbreyttar samgöngur með góðum tengingum göngu- og hjólastíga við almenningssamgöngur þar sem sérstök áhersla er lögð á öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Almennir skilmálar um samgöngur:

- Gera skal ráð fyrir öruggum leiðum fyrir alla samgöngumáta
- Gera skal ráð fyrir öruggum göngu- og hjólaþverunum
- Megin hjólaleiðir skulu vera aðgreindar frá öðrum stígum
- Stoppistöðvar almenningssamgangna skulu vera öruggar notendum og með viðeigandi aðstöðu
- Gera skal ráð fyrir samgöngustíg, í tengslum við hjólreiðanet á höfuðborgarsvæðinu

- Gera skal ráð fyrir öruggum hjólastæðum og eða geymslum á fjölmennum stöðum s.s. við fjölbýlishús, íþróttamannvirki, verslanir, skóla o.þ.h.
- Gera skal ráð fyrir að fjöldi bílastæða sé:
  - Að meðaltali 1,5 bílastæði á hverja íbúð
  - A.m.k. 1 bílastæði á hverja 100 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæðis
- Skal gera ráð fyrir samnýtingu bílastæða, sérstaklega á miðsvæði í Vetrarmýri
- Gert er ráð fyrir nýrri reiðleið í Smalaholti

#### 4.2.1 Gatnakerfi og akandi umferð

Mynd 22 sýnir uppbyggingu gatnakerfisins á svæðinu. Á myndinni má sjá skilgreiningar á húsagötum, safngötum og tengibrautum innan skipulagssvæðisins. Elliðavatnsvegur/Flóttamannavegar er skilgreindur sem tengibraut. Aðrir vegir eru flokkaðir sem safngötur eða húsagötur. Safngötur eru merktar með bláum lit á mynd 22 og er gróf lega þeirra fest í rammahluta Vífilsstaðalands. Aðrar götur eru leiðbeinandi í rammahluta Vífilsstaðalands og skulu útfærðar nánar í deiliskipulagi.



**MYND 22** Skýringarmynd sem sýnir uppbyggingu gatnakerfis innan skipulagssvæðisins. Gert er ráð fyrir að Elliðavatnsvegur/Flóttamannavegur (merkt með rauðu) haldi áfram sem tengibraut upp að Kjóavöllum og inn Kópavog. Götur sem merktar eru með bláum lit eru safngötur. Lega tengibrauta og safngata er sett fram í rammahluta Vífilsstaðalands, aðrar götur er leiðbeinandi og útfærast í deiliskipulagi.

Í aðalskipulagi Garðabæjar er kveðið á um að innra gatnakerfi Garðabæjar hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst. Því er ráðgert að flestar göturnar hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst. óháð umferðarmagni. Þó er gert ráð fyrir að Elliðavatnsvegur/Flóttamannavegur hafi 50 km/klst.

hámarkshraða en að hámarkshraði fari niður í 30 km/klst. innan íbúðabyggðar. Eins er Vetrarbraut skilgreind með leyfilegan hámarkshraða 30km/klst. fram hjá byggðinni í Vetrarmýri en þar sem hún liggur upp Hnoðraholt til norðurs að Arnarnesvegi hækkar umferðahraði upp í 50 km/klst. (sjá mynd 23).



- Skipulagssvæði
- 50 km/klst
- 30 km/klst


**MYND 23** Skýringarmynd um leyfilegan hámarkshraða gatna innan skipulagssvæðisins.

Eins og sést á mynd 22 er ráðgert að nokkrar þveranir verði í plani og samkvæmt mynd 23 eru flestar þeirra yfir 30 km/klst. götur. Til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda skulu þveranir sem liggja yfir

götur með 50 km/klst. hámarkshraða vera upphækkaðar eða með gangbrautarljósum.

Umferðagreiningar og umferðaspá er höfð til grundvallar við mótun gatnakerfis innan svæðisins sem og tenginga við ytra samgöngukerfi. Uppbygging kemur m.a. til með að hafa áhrif á heildar samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins og þá sérstaklega Reykjanesbrautar. Gert er ráð fyrir að heildarbílaumferð sem skapast af uppbyggingu á svæðinu geti orðið allt að 50.000 - 60.000 ökutæki þegar hverfið er fullbyggt. Hins vegar má gera ráð fyrir að bílaumferð geti orðið minni á svæðinu eða um 40.-44.000 ökutæki, þar sem þetta er BREEAM vottað, samgöngumiðað þróunarsvæði. Mynd 24 sýnir umferðatölur samkvæmt umferð úr umferðarspá Mannvits fyrir árið 2034 auk umferðar sem skapast á skipulagssvæðinu miðað við óbreyttar og breyttar ferðavenjur (rauðar tölur) auk núverandi umferðar (bláar tölur).

Vegna aukinnar umferðar á Reykjanesbraut skal í deiliskipulagi Vetrarmýrar huga að vöktun og kanna möguleika á mótvægisáðgerðum vegna hugsanlegrar loftmengunar og áhrifa hennar á uppbyggingu og starfsemi í Vetrarmýri.



**MYND 24** Skýringarmynd sem sýnir umferð á skipulagssvæðinu miðað við umferðarsköpun og óbreyttar ferðavenjur og breyttar ferðavenjur á bili (rauðar tölur, lægri talan sýnir umferðsköpun miðað við breyttar ferðavenjur og hærri talan miðað við óbreyttar ferðavenjur). Umferðin miðast við skapaða umferð auk umferðar úr umferðarspá Mannvits til 2034. Bláar tölur sýna núverandi umferð skv. talningum frá 2019.

Á Vetrarbraut er ráð fyrir 22-15 þúsund ökutækjum á sólarhring. Gert er ráð fyrir að Vetrarbraut verði að stærstum hluta tvær akreinar, ein í hvora akstursátt. Við suðurenda Vetrarbrautar, við gatnamót Vetrarbrautar og Vífilstaðavegar, þarf að gera ráð fyrir tveimur akreinum

í hvora átt alls fjórum akreinum. Að auki er þörf á tveimur akreinum í sömu akstursstefnu, alls fjórum akreinum, á Vífilstaðavegi næst Reykjanesbraut, þar sem gert er ráð fyrir að minnsta kosti 22-26 þúsund ökutækjum á sólarhring. Auk þess er gert ráð fyrir tveimur akreinum í hvora akstursstefnu á Vetrarbraut næst Arnarnesvegi.

Óhjákvæmilega mun uppbygging á svæðinu, ásamt annarri uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu, hafa áhrif á nærliggjandi gatna- og vegakerfi og þá sérstaklega afkastagetu Reykjanesbrautar. Veghelgunarsvæði Reykjanesbrautar gerir ráð fyrir því að hægt sé að bæta við akreinum m.a. sérrein almenningssamgangna sem myndi styðja við aukna notkun almenningssamgangna á svæðinu.

#### 4.2.2 Almenningsamgöngur

Gert er ráð fyrir öflugum almenningssamgöngum og tengingum við fyrirhugað hágæða kerfi almenningssamgangna. Þetta er í samræmi við markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og skilgreiningar svæðisins í aðalskipulagi Garðabæjar sem samgöngumiðaður kjarni.

Ráðgert er að hafa stoppistöð fyrir stofnleið almenningssamgangna á Reykjanesbraut, við skipulagssvæðið. Stöðin þjónar skipulagssvæðinu auk núverandi byggðar í Garðabæ og tengir það við önnur svæði innan höfuðborgarsvæðisins. Meirihluti byggðar innan skipulagssvæðisins verður í um 800 m göngufæri frá stoppistöðinni (sjá mynd 25).

Til að þjóna íbúum svæðisins er einnig ráðgert að hverfisvagnar aki eftir Vetrarbraut og um Hnoðraholt. Það þarf þó að skoðast með tillögum að nýju leiðarneti strætó. Hverfisvagninn hefur þá möguleika á að tengja svæðið og nýja byggð við núverandi byggð í Garðabæ og fyrirhugaða

uppbyggingu og stoppistöð Borgarlínu við Hafnarfjarðarveg. Með þremur stoppistöðvum í hverfinu er meiri hluti íbúa Vífilsstaðalands staðsettur í 400 m eða minni fjarlægð frá næstu stoppistöð almenningsamgangna.



- |     |                         |   |  |
|-----|-------------------------|---|--|
| --- | Skipulagssvæðið         | ● | Upptökusvæði hraðvagna<br>10 mín ganga   |
| —   | Leið almenningsamgangna | ○ | Tenging milli kerfa                      |
| ●   | Stoppistöðvar           | ● | Upptökusvæði hverfisvagna<br>5 mín ganga |

**MYND 25** Skýringarmynd sem sýnir tillögu að stoppistöðvum almenningsamgangna og uppökusvæði þeirra.

#### 4.2.3 Göngu- og hjólastígar

Hátt vægi vistvænna samgangna með sérstaka áherslu á þétt net göngu- og hjólastíga tengja svæðið vel við nærliggjandi svæði og stígakerfi. Samgöngustígur, stofnhjólaleiðir með aðgreindum tvístefnu hjólastíg liggur meðfram Reykjanesbraut, einstefnu stígur á kafla í Vetrarmýri, sem tengist samgöngustígakerfi höfuðborgarsvæðisins.



- |     |                      |   |                       |
|-----|----------------------|---|-----------------------|
| --- | Skipulagssvæðið      | — | Stígur að Garðatorgi  |
| —   | Stofnhjólaleið       | ● | Göngubveranir í plani |
| —   | Aðrir stígar         | ● | Undirgöng             |
| --- | Stígar meðfram götum | ● | Göngubrýr             |
| --- | Trjástígur           |   |                       |

**MYND 26** Skýringarmynd stígakerfis innan skipulagssvæðisins og hvernig það tengist stígakerfi utan þess. Möguleiki er á nýrri stofnhjólaleið með fram Reykjanesbraut sem tengist stígakerfi samgöngustíga á höfuðborgarsvæðinu við Vífilsstaðaland.




Meðfram Vetrarbraut og utan um Hnoðraholt skal gera ráð fyrir einstefnu hjólastígum beggja vegna til þess að tryggja umferðaröryggi og öruggt aðgengi íbúa að skóla og íþróttasvæði í Vetrarmýri. Aðrir stígar tengja fjölbreytt svæði innan skipulagssvæðisins saman sem og við ytra umhverfi þess.

#### 4.2.4 Útivistar- og reiðstígar

Stíganet innan skipulagssvæðisins tengist vel stígakerfi nærliggjandi náttúrusvæða. Í næsta nágrenni við skipulagssvæðið eru náttúruperlur eins og Vífilsstaðavatn og Heiðmörk þar sem t.d. má finna fjölbreyttar gönguleiðir sem eru vel nýttar af íbúum á höfuðborgarsvæðinu. Innan skipulagssvæðisins eru vinsælar gönguleiðir um útivistarskógarsvæði í Smalaholti sem tengjast Vífilsstaðavatni og Heiðmörk. Einnig er aðstaða Hestamannafélagsins Spretts rétt utan við svæðið og þaðan liggja reiðleiðir inn á skipulagssvæðið og um uppland Heiðmerkur. Í undirbúningi er breyting á reiðleiðum í upplandi Garðabæjar. Gert er ráð fyrir að núverandi reiðstígur meðfram Elliðavatnsvegi/Flóttamannavegi leggist af og nýtist sem almennur göngu- og hjólastígur m.a. sem græni stígurinn í græna trefli höfuðborgarsvæðisins. Efst á Smalaholti umhverfis kirkjugarð í Rjúpnadal verður gert ráð fyrir nýrri hringreiðleið til styttri reiðtúra.


Finna þarf nýja leið fyrir reiðleið frá Grunnvatnaskarði yfir á reiðstíg í Búrfellshrauni vestan Vífilsstaðahlíðar og áfram í átt að athafnasvæði hestamanna í Hafnarfirði. Verður það gert í sérstakri aðalskipulagsbreytingu vegna endurskoðunar stíga og reiðleiða í upplandi Garðabæjar.



**MYND 27** Skýringarmynd sem stígakerfi útivistar- og reiðstíga og hvernig það tengist stígakerfi utan og innan skipulagssvæðisins.


#### 4.2.5 Göturými

Mótun göturýmis hefur mikil áhrif á yfirbragð byggðar og eru hugsuð sem almenningsrými. Leggja skal sérstaka áherslu á lifandi göturými og öruggar samgöngur allra ferðamáta. Í göturými skal gera ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum. Kennisnið gefa leiðbeiningar um uppbyggingu gatna og göturýma á skipulagssvæðinu.




**MYND 28** Kennisnið, Vetrarbrautar í Vetrarmýri.

Vetrarbraut í Vetrarmýri þjónar fjölbreyttum ferðamátum, þar er gert ráð fyrir almenningsgöngum, aðgreindum einstefnu hjólréiðastíg og breiðum gangstéttum sem m.a. nýtast verslunum/þjónustu á jarðhæð.




**MYND 29** Kennisnið, safngata í Hnoðraholti, s.s. Vorbraut.

Vorbraut þjónar fjölbreyttum ferðamátum, þar er gert ráð fyrir einstefnu hjólréiðastíg beggja vegna götu til þess að auka öryggi og tryggja greiðar hjólréiðatengingar að skóla og íþróttasvæði sunnan við Hnoðraholt í Vetrarmýri.




**MYND 30** Kennisnið, þversnið í húsagötu, s.s. Ýlisholt og Útholt.




**MYND 31** Kennisnið, þversnið í botnlanga, s.s. við Ýlisholt og Útholt.

Í botnlangum er ekki gert ráð fyrir sérstökum bílastæðum í götu, heldur eru götu tvíbreiðar og hægt að leggja framán við lóðir. Gert er ráð fyrir ofanvatnsrásum og gangstéttum öðrum megin við götu.




**MYND 33** Kennisnið, húsagata fjölbýlishúsa í vesturhlíð Hnoðraholt, Þorraholt.

Gert er ráð fyrir regnbeðum og bílastæðum framán við fjölbýlishús. Eins er gert ráð fyrir gangstéttum beggja vegna og lóðum með afnotareit fyrir íbúa.




**MYND 32** Kennisnið, safngata í vesturhlíð Hnoðraholt, Þorraholt.



**MYND 34** Kennisnið Vetrarbraut/Hnoðraholt, hljóðmön, ný lega.

Legu Hnoðraholtbrautar (heitir nú Hnoðraholt) heldur sér í óbreyttri mynd til móts við núverandi einbýlishúsabyggð í Hnoðraholti. Nýr vegur, Vetrarbraut liggur samsíða núverandi Hnoðraholtbraut og milli þeirra er gert ráð fyrir hljóðvörnum ýmist hljóðmön eða hljóðveggi eftir aðstæðum.



**MYND 35** Kennisnið, Vorbraut milli golfbrautar og Þorrasala. Möguleg útfærsla á Vorbraut í stökk eða yfirbyggð gata til þess að lágmarka umhverfisáhrif nýrrar götu á íbúðabyggð í Þorrasölum.

Vorbraut verður sett í stökk framan við Þorrasali eða fundin ný legu við mótun deiliskipulags golfvallar- og útivistarsvæðis með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif Vorbrautar á íbúðarbyggð í Þorrasölum. Sjá einnig mynd 22 í kafla 4.2.1. Jafnframt skal áfram tryggð góð tenging milli Leirdalsvallar í Kópavogi og Mýrarinnar í Garðabæ við hönnun golfvallarins.

### 4.3 Stefna um þjónustukerfi

Almennir skilmálar um þjónustukerfi:

- Notast skal við blágrænar ofanvatnslausnir
- Í deiliskipulagi skal tryggja nægilegt rými fyrri ofanvatnslausnir
- Huga skal að rennislíðum ofanvatns á milli deiliskipulagsáfanga

- Tryggja skal flóðvarnir vegna ofanflóða í leysingum við fyrirhugaða byggð í Vetrarmýri
- Tryggja takmarkað rennsli að ræsi undir Reykjanesbraut með því að safna ofanvatni saman í ofanvatnslausnum fyrir ofan flóðvarnir
- Tryggja pláss og lóðir fyrir allar stöðvar veitumiðla í deiliskipulagi
- Við deiliskipulagsgerð skal hugað að mengunarvörnum veitumannvirkja m.a. vegna lyktarmengunar, í þeim tilfellum skal a.m.k. vera 30 m fjarlægð annara íveru bygginga frá veitumannvirkjum
- Tryggja skal gott aðgengi að sorpflokkun og grenndargámum
- Almenn skal gera ráð fyrir djúpgámum við fjölbýlishúsabyggð og stofnannir
- Í deiliskipulagi skal setja skilmála um frágang sorps og sorpskýla á lóðum

#### 4.3.1 Veitukerfi

Við uppbyggingu nýrrar byggðar verður lögð rík áhersla á blágrænar ofanvatnslausnir. Markmið ofanvatnslausna í Hnoðraholti og Vífilsstaðalandi er að tefja rennsli ofanvatns á svæðinu og hreinsa ofanvatn sem streymir frá þéttum flötum. Blágrænar ofanvatnslausnir skulu einnig stuðla að því að ofanvatn komist í jarðveg og tryggja að ofanvatni sé aðeins hleypt í Arnarneslæk, Vífilsstaðalæk og Vífilsstaðavatn eftir að það hafi farið í gegnum ofanvatnslausnir. Tryggja þarf pláss fyrir ofanvatnslausnir á deiliskipulagi og huga að rennislíðum ofanvatns milli áfanga skipulagsins.

Í deiliskipulagi í Vetrarmýri þarf að huga að flóðvörnum til þess að vernda byggð í Vetrarmýri fyrir hugsanlegum flóðum í leysingum þegar frost er í jörðu. Gert er ráð fyrir að flóðvarnargarður verði hluti af landmótun

og/eða hækkuðum göngustíg (Vífilsstaðaás). Flóðvarnargarður verður með kjarna með litlu gegndræpi, líkt og lítil og einföld stífla.



**MYND 36** Ofanvatn er hreinsað með blágrænum ofanvatnslausnum áður en það rennur saman við læki í átt til sjávar. Í Hnoðraholti er ofanvatni fleytt í rásur meðfram götum, þar næst í læki sem eru stallaðir í bratta í átt að regnbeðum í Vetrarmýri og þaðan í Arnarneslæk. Við Vífilsstaði er ofanvatni fleytt í rásur í átt lækjum og þaðan í Hraunsholtslæk.


Stofnæð vatnsveitu liggur á svæðinu, norðan við Vífilsstaðavatn og tengist við núverandi vatnsveitubrunn rétt norðan við Vífilsstaðalæk og austan við Reykjanesbraut. Endurleggja þarf stofnæðina að hluta við uppbyggingu svæðisins auk þess að koma fyrir nokkrum nýjum

dælustöðvum. Fyrirhugaðar dælustöðvar eru m.a. vatnsveitudælustöðvar, hitaveitudælustöðvar, skólpdælustöðvar og fyrir rafmagn. Tryggja þarf pláss og lóðir fyrir allar stöðvar veitumiðla í deiliskipulagi.



**MYND 37** Dæmi um fjölbreyttar tegundir af blágrænum ofanvatnslausnum eftir aðstæðum og umfangi.

Gert er ráð fyrir 1-3 hitaveitutönkum ofan á Hnoðraholti við norðurenda Vífilsstaðaás. Við hönnun hitaveitutanka, og umhverfis þeirra, skal taka tillit til nærliggjandi umhverfis og tryggja að þeir falli vel að umhverfi sínu. Hitaveitutankar og umhverfi þeirra skal vera hverfinu og sveitarfélaginu til sóma og bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu. Hönnun skal felld inn í landslagshönnun og hönnun almenningsrýmis og skulu tankarnir að mestu grafnir niður í jörðu. Nánari skilmálar skulu settir í deiliskipulagi.



**MYND 38** Hitaveitutankar á Hnoðraholti. Gert er ráð fyrir 1-3 hitaveitutönkum við norðurenda Vífilsstaðaás. Hitaveitutankar skulu að mestu grafnir niður í landi og falla vel inn í umhverfið.

#### 4.3.2 Sorp

Markmið Garðabæjar er að draga úr sorpi og auka endurvinnslu og endurnýta sorp. Áhersla sveitarfélagsins er að stuðlað verði að

endurnýtingu nýtanlegra efna með viðeigandi aðstöðu fyrir söfnun og flokkun.

Garðabær er aðili að Sorpu bs. og er því aðili að „Sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020“ sem samþykkt var 2009 og byggir á landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Sorpa bs. hóf rekstur móttöku- og flokkunarstöðvar í Gufunesi og tók í notkun urðunarstað á Álfsnesi árið 1991. Grenndargámar eru á völdum stöðum í sveitarfélaginu og áætlunir eru um fjölgun þeirra. Að jafnaði skal gera ráð fyrir að grenndargámar nái til 500 m radíus svæðis umhverfis sig. Gera skal ráð fyrir grenndargámum í deiliskipulagi. Almennt skal gera ráð fyrir djúpgámum við fjölbýlishúsabyggð og stofnannir. Í deiliskipulagi skal setja skilmála um frágang sorps og sorpsskýla á lóðum.

#### 4.4 Stefna um opin svæði og náttúru

Samhliða aukinni kyrrsetuvinnu og þéttingu byggðar er mikilvægi hreyfingar og útiveru sífellt að aukast og þar með mikilvægi góðra og vel skilgreindar útvistarsvæða og dvalarsvæða. Nokkur svæði eru skilgreind sem lykilsvæði og stuðla þau ásamt skilgreindum kennileitum að auknum vistvænum samgöngum og tengingum innan svæðisins sem m.a. auka vægi og notagildi nærliggjandi náttúrusvæða og annarra opinna svæða.

Almennir skilmálar um opin svæði og náttúru:

- Opin rými skulu vera vel skilgreind og hafa notagildi
- Gera skal ráð fyrir opnum svæðum í góðum tengslum við íbúðarsvæði og blanda byggð
- Vífilsstaðaás – trjástígur með gróðri
- Jarðbrú yfir Reykjanesbraut með trjágróðri

- Eftir fremsta megni skal huga að skjólmyndun og þess að opin svæði opni sig til móts við sólu
- Uppbygging skal taka tillit til nálægðar og samspils við friðland, náttúru og minjar á og við skipulagssvæðið

#### 4.4.1 Almenningsrými

Innan skipulagssvæðisins skulu vera fjölbreytt opin svæði til nota fyrir alla. Opin svæði skulu vera vel skilgreind og hafa notagildi. Eftir aðstæðum skal huga að skjólmyndun og þess að svæði opni sig til móts við sólu. Almenn skal leitast við að opin svæði séu aðlaðandi og fjölbreytt með viðeigandi götugögnum, gróðri eða aðstöðu. Auk útivistar og æfingarsvæða íþróttafélaga er gert ráð fyrir eftirtöldum svæðum:

- Torg á miðsvæði við fjölnota íþróttahús
- Gera skal ráð fyrir boltavöllum í tengslum við íbúðarbyggð
- Æfingavellir í Vetrarmýri nýtast utan æfingatíma íþróttafélaga
- Frisbí-golfvöllur við Vífilsstaði
- Á Hnoðraholti er opið svæði með minjum og víðsýnu útsýni
- Fuglaskoðunarbrú í Vatnsmýri
- Aðstaða til vetraríþróttar s.s. gönguskíði á svæðis GKG, skautaiðkun á Vífilsstaðavatni og sleðabrekkur t.d. í Hnoðraholti.
- Útsýnispallur við enda stígs sem gengur frá Vífilsstöðum til austurs í átt að Vífilsstaðavatni
- Kennileiti og útsýnistaður við kirkjugarð í Rjúpnadal
- Dvalarsvæði í landi útivistarskógar í Smalaholti
- Við minjar Finnsstekk norðan við Vífilsstaðavatn, sem tengjast nýju útivistar og dvalarsvæði í suðurhlíð

- Almenn skal gera ráð fyrir leik- og dvalarsvæðum í grænum geirum




**MYND 39** Skýringarmynd sýnir fjölbreytt almenningsrými og fjölbreytta útivist allan ársins hring.



**MYND 40** Teikning sýnir hvernig íþróttamannvirki og byggingar mynda skjól um torg sem opnar sig til suðurs. Aðalinngangur í fjölnota íþróttahús er frá torginu og í öðrum byggingum er gert ráð fyrir lifandi starfsemi umhverfis torgið. Torgið má einnig nýta undir fjölbreytta viðburði s.s. heimaleiki og annað.

#### 4.4.2 Vífilsstaðaás - trjástígur

Vífilsstaðaás er grænn ás, stígur í trjágöngum, sem tengir saman ólíka starfsemi innan svæðis. Vífilsstaðaásinn gengur frá miðju Vífilsstaðaspítala til norðurs sem tröppustígur upp hlíðar Hnoðrahólts. Skábrautir (rampar) skulu vera í tengslum við tröppustíginn til að tryggja aðgengi allra um hlíðina. Vífilsstaðaás heldur óbeint áfram sem stígur til suðurs frá Vífilsstaðaspítala yfir Vatnsmýri þar sem hann endar í göngu- og fuglaskoðunarbrú.



**MYND 41** Þversnið sýnir tengsl milli starfsemi innan fjölnota íþróttahúss, trjástígs og æfingavalla austan við húsið. Gólf íþróttahúss er í sömu hæð og trjástígur sem myndar tengsl milli starfsemi innandyrna og mannlífs á trjástíg. Land hækkar til austur til þess að takast á við ofanvatn.



**MYND 42** Vífilsstaðaás. Horft til suðurs í átt að Vífilsstöðum.





**MYND 43** Efri röð til vinstri: Ljósmynd tekin frá herminjum, skotbirgi, horft til suður yfir Vetrarmýri í átt að Vífilsstöðum. Efri röð til hægri: úrklippa úr skýringarmynd sem sýnir legu trjástígs frá Vífilsstöðum til norðurs yfir Vetrarmýri. Neðri röð til vinstri: Ljósmynd tekin af trjástíg í Laugardal. Neðri röð til hægri: flugmynd af Vífilsstöðum og Vatnsmýri.

#### 4.4.3 Jarðbrú

Jarðbrú með göngu- og hjólastíg yfir Reykjanesbraut tengir svæðið við núverandi byggð vestan Reykjanesbrautar og leggur aukna áherslu á mikilvægi vistvænna samgangna í sveitarfélaginu. Jarðbrú eykur öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sérstaklega barna sem munu sækja íþróttastarf og aðra þjónustu milli hverfa yfir Reykjanesbrautina. Við jarðbrú er gert ráð fyrir stoppistöð hraðleiðar almenningsgangna um Reykjanesbraut sem myndi þjóna íbúum í sveitarfélaginu beggja vegna Reykjanesbrautar.



**MYND 44** Jarðbrú yfir Reykjanesbraut. Jarðbrú tengir saman svæðin austan og vestan Reykjanesbrautar og gefur vistvænum samgöngum aukið vægi.



**MYND 45** Til vinstri og efst til hægri: Jarðbrú í Vancouver, Kanada. Neðri mynd til hægri: úrklippa úr skýringarmynd sem sýnir hvernig jarðbrú tengir svæðin austan og vestan Reykjanesbrautar saman og skapar öryggi fyrir óvarða vegfarendur.

#### 4.4.4 Friðland og friðaðar byggingar

Uppbygging skal taka tillit til nálægðar og samspils við friðland, náttúru og minjar á og við skipulagssvæðið. Lagt er til að mörk friðlands verði endurskoðuð þannig að friðland Vífilsstaðahrauns nái yfir alla Vatnsmýri og að mörk friðlands Vífilsstaðavatns fylgi breyttri legu Elliðavatnsvegjar/Flóttamannavegar norðan Vífilsstaðavatns.

Dæmi eru um byggingar á skipulagssvæðinu sem hafa náð aldursfriðun eða eru nálægt því. Á það m.a. við um Vífilsstaðaspítala, læknaþústað, fjós og hlöðu, bókasafn, líkhús og þjónustuhús. Nánar er fjallað um friðaðar byggingar í kafla 2.7 og minjaskráningu.



**MYND 46** Flugmynd, horft til suðurs yfir Vífilsstaði, skrudgarð og Vatnsmýri.









**MYND 47** Flugmynd, horft til norðurs yfir Vífilstaði, skrúðgarð og Hraunholtslæk. Vetrarmýri í fjarska.



**MYND 48** Flugmynd sem sýnir þann hluta Vatnsmýri sem lagt er til að falli undir friðland Vífilstaðahrauns.



- |   |   |   |                  |
|---|---|---|------------------|
|    | Tillaga að mörkum friðlands   |    | Græni trefillinn |
|    | Núverandi mörk friðlands  |    | Skipulagsmörk    |
|  | Aldurs friðaðar byggingar eða byggingar nálægt að vera aldursfriðuð |  | Minjar           |

**MYND 49** Skýringarmynd sýnir tillögu að endurskoðun á mörkum friðlands og helstu byggingar sem eru annað hvort friðaðar, aldursfriðaðar eða nálægt því að ná aldursfriðun.

#### 4.4.5 Vífilsstaðavatn

Vífilsstaðavatn gengir mikilvægu hlutverki sem útvistar- og náttúrusvæði. Í skipulaginu er lögð áhersla á að styrkja stöðu vatnsins sem slíks og tengja það vel við fyrirhugaða uppbyggingu og þróun á svæðinu.



**MYND 50** Efri röð: flugmynd af Vífilsstaðavatni og nágrenni horft til suð-vesturs, rauður hringur er utan um svæði þar sem breytt lega Elliðavatnsvegjar/Flóttamannavegar skapar rýmd fyrir undirgöng þar sem náttúra og stígar ná að flæða óhindrað og tengja byggð við útvistarsvæði umhverfis vatnið. Neðri röð til vinstri: úrklippa úr skýringarmynd sem sýnir staðsetningu undirganga. Neðri röð til hægri: Ástjörn í Hafnarfirði þar sem náttúra og stígar fá að flæða óhindrað undir umferðamannvirki.

Undirgöng undir breytta legu Flóttamannavegar bæta aðgengi óvarinna vegfarenda að Vífilsstaðavatni og styðja um leið við bættu lýðheilsu. Leggja skal áherslu á að náttúra og landslag flæði í samfellu undir umferðamannvirki og tengi þannig íbúðabyggð við nærliggjandi náttúru. Staðsetningar undirganga má sjá á mynd 50.



**MYND 51** Stígatenging undir Flóttamannaveg. Sýnir hvernig græn svæði flæða undir Flóttamannaveg og tengjast útvistarsvæði umhverfis Vífilsstaðavatn.

Færsla Elliðavatnsvegjar/Flóttamannavegar fjær Vífilsstaðavatni eykur rýmd og kyrrð við vatnið. Þannig má skapa aukin tækifæri til útvistar, mótun nýrra dvalarsvæða og auka vægi minja.




**MYND 52** Flugmynd af Vífilsstaðavatni og nágrenni horft til suð-vesturs, línan sýnir hvernig færsla Elliðavatnsvegjar/Flóttamannavegjar fjær Vífilsstaðavatni skapar aukna rýmd við vantið til útivistar og dvalarsvæði m.a. við minjar.



**MYND 53** Finnstekkur hjáleiga frá Vífilsstöðum, minjar, rústir á lágum hól.

#### 4.5 Stefna um landnotkun

Skipulagssvæðinu er skipt í fimm skipulagssvæði, Hnoðraholt, Vetrarmýri, Vífilsstaði, Smalaholt/Rjúpnadal og Vífilsstaðahraun. Hvert svæði getur skipst í mismarga deiliskipulagsáfanga. Fjölbreytt landnotkun verður á svæðinu. Á Hnoðraholti er gert ráð fyrir íbúðabyggð, ásamt leiksskóla og verslun og þjónustu. Í Vetrarmýri verður miðsvæði, íþrótt- og skólasvæði, golfvöllur og útivistarsvæði. Á Vífilsstöðum er áfram gert ráð fyrir stofnunum en austast blandaðri byggð stofnana og íbúða. Á Smalaholti/í Rjúpnadal verður kirkjugarður og heimild fyrir bálfararstofu, meðferðarheimili og útivistarskógur. Vífilsstaðahraun er friðað.




**MYND 54** Skýringarmynd sem sýnir landnotkun og helstu kennileiti á skipulagssvæðinu.

Almennir skilmálar fyrir landnotkun:

- Í deiliskipulagi skal tryggja viðunandi hljóðvist íbúða með viðeigandi aðgerðum eftir aðstæðum
- Hámarkshæð bygginga er 5 hæðir, þar sem bygging er 5 hæðir skal efsta hæð vera inndregin

- Huga skal að skjólmyndun af byggingum og dvalarsvæðum sem snúa móti sólu
- Við deiliskipulagsgerð skal vinna húsakönnun fyrir þegar byggð hverfi samkvæmt reglugerð þar um
- Huga skal að blöndun byggðar og fjölbreyttu íbúðaformi
- Á miðsvæði í Vetrarmýri skal almennt gera ráð fyrir gróðri á þökum bygginga, til þess að milda ásýnd frá byggð ofar í Hnoðraholti og draga úr álagi vegna ofanvatns
  - Á miðsvæði í blandaðri byggð er heimilt að hafa íbúðir á efri hæðum verslunar- og þjónusturýma
  - Lofthæð á jarðhæð skal vera að lágmarki 3,5 metrar
  - Rými skulu vera sveigjanleg m.t.t. þróunar og breyttrar notkunar
- Íbúðir skulu hafa aðgengi að dvalarsvæði utandyra

#### 4.5.1 Byggingarmagn



**MYND 55** Skipting svæða eftir einkennum.

Í töflu 2 má sjá samantekt á áætluðu byggingarmagni eftir skipulagssvæðum. Alls er gert ráð fyrir 2.000 – 2.400 íbúðum á öllu skipulagssvæðinu og 146.000 – 156.000 m<sup>2</sup> af stofnunum og atvinnuhúsnæði.

**TAFLA 2** Byggingarmagn.


REITUR	ÍBÚÐIR	STOFN/ATVINNA M <sup>2</sup>
Hnoðraholt – norður	400 – 450	20.000
Hnoðraholt - suður	700 – 750	1.000
Vetrarmýri – miðsvæði	600 – 800	56.000 – 66.000
Vetrarmýri – útivistarsvæði	-	6.000
Vífilsstaðir - vestur	100	50.000
Vífilsstaðir - austur	200 - 300	10.000
Smalaholt/Rjúpnadalur - Kirkjugarður	-	3.000
Smalaholt/Rjúpnadalur - Útivistarskógur	-	-
Vífilsstaðahraun & Vatnsmýri	-	-
<b>SAMTALS u.þ.b.:</b>	<b>2.000 – 2.400</b>	<b>146.000 – 156.000</b>

#### 4.5.2 Sérákvæði skipulagssvæða



**MYND 56** Skipulagssvæði. Svæðinu öllu er skipt niður í 5 skipulagssvæði eftir einkennum, notkun og áherslum. Hverju skipulagssvæði er skipt upp í einn eða tvo deiliskipulagsáfanga eftir tilefni.

#### 4.5.2.1 Hnoðraholt



Á vesturhluta Hnoðraholtis er þegar byggt hverfi með 44 stórum einbýlishúsum. Aðallega er gert ráð fyrir lágreistri blandaðri íbúðabygð með fjölbreyttu formi íbúða. Halda skal í náttúrlegt yfirbragð á holtinu með því að flétta inn grænum svæðum og geirum m.a. Vífilstaðaás sem framlengist upp holtið frá suðri. Tengt opnu svæði á háholtinu er gert ráð fyrir leikskóla og leiksvæðum. Efst á holtinu, þar sem landslag er flatar er gert ráð fyrir einbýlishúsum. Hlíðar holtsins eru brattlendi, þar sem gert er ráð fyrir þéttri byggð brekkuhúsa og smærri fjölbýlishúsa. Áhersla er á góðar tengingar við Vetrarmýri og nærliggjandi svæði.

Hnoðraholt skiptist í tvo deiliskipulagsáfanga, Hnoðraholt norður og Hnoðraholt suður.





**MYND 57** Hnoðraholt norður. Gert ráð fyrir lítillsháttar verslun og þjónustu (fremst á mynd) við Arnarnesveg, núverandi byggð (til hægri á mynd) ásamt uppbyggingu fjölbreyttra íbúða.

**TAFLA 3** Landnotkun, lýsing og ákvæði skipulagsreita fyrir Hnoðraholt.

Merking	Stærð	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
4.03 Íb	5 ha	Hnoðraholt – núverandi byggð	Sérbýlishúsabyggð, fullbyggt.	Sérbýlishúsabyggð. Óbreytt. Breytingar s.s. viðbyggingar og annað í samræmi við nýtt deiliskipulag íbúðabyggðar í Hnoðraholti norður.
4.11 Íb	3,4 ha	Hnoðraholt – vestur (Þorraholt)	Óbyggt svæði.	Íbúðabyggð, fjölbýlishús. Miðað við u.þ.b. 59 íbúðir/ha eða allt að 200 íbúðir. Hámarkshæð bygginga er 4 hæðir. Heimilt er hafa bílastæði undir fjölbýlishúsum.

				Frekari skilmálar skulu settir í deiliskipulagi fyrir svæðið.
4.12 Íb	12 ha	Hnoðraholt - norður	Óbyggt svæði.	Íbúðabyggð, áhersla á fjölbreytt form íbúða, einbýli, sérbýli s.s. rað- og keðjuhús og fjölbýli. Miðað við u.þ.b. 14 íbúðir/ha eða allt að 170 íbúðir. Einbýli efst á holtinu. Hámarkshæð húsa 3 hæðir. Heimilt er að hafa bílastæði undir fjölbýlishúsum. Frekari skilmálar skulu settir í deiliskipulagi fyrir svæðið.
4.04 Íb	29,5 ha	Hnoðraholt - suður	Óbyggt svæði.	Íbúðabyggð, áhersla á fjölbreytt form íbúða, einbýli, sérbýli s.s. rað- og keðjuhús og fjölbýli. Miðað við u.þ.b. 27 íbúðir/ha eða allt að 800 íbúðir. Gert er ráð fyrir einbýli efst á holtinu, blöndu af rað- og keðjuhúsum og fjölbýli eftir því sem land hallar til suðurs. Hámarkshæð bygginga er 5 hæðir, fimmta hæð innðregin. Heimilt er að hafa bílastæði undir fjölbýlishúsum. Frekari skilmálar skulu settir í deiliskipulagi fyrir svæðið.
4.05 S	-	Hnoðraholt	Leikskóli. Óbyggt.	Staðsetning, lóðarstærð og byggingarmagn ákvarðað í deiliskipulagi íbúðarsvæðis 4.04.

4.06 Vp	2,2 ha	Hnoðraholt	Óbyggt.	Verslun og þjónusta, heimilt er að hafa íbúðir á efri hæðum. Heimilit er að hafa bílastæði undir byggingum. Hámarkshæð bygginga er 5 hæðir, fimmta hæð skal vera inndregin. Frekari skilmálar skulu settir í deiliskipulagi fyrir svæðið.
4.18 Op	6,14 ha	Hnoðraholtssás – háholti - Vífilsstaðaás	Opið svæði milli íbúðasvæðanna Hnoðraholt norður og Hnoðraholt suður og liggur yfir háhæð Hnoðraholtssás að bæjarmörkum Kópavogs. Stígur og sjónás í trjágöngum frá Vífilsstaðaspítala.	Opið svæði sem tengist grænum geirum sem liggja til norðurs/suðurs og austurs/vesturs. Minjar s.s. skotbyrgi og Hnoðri skulu tengjast hönnun almenningsrýma, götugagna, leiksvæða o.þ.h. Breiðstígur í trágöngum út frá aðalinngangi Vífilsstaðaspítala upp í Hnoðraholt. Útfærast sem tröppustígur með römpum í suðurhlíð Hnoðraholtss. Flóðvarnargarður austan við stíginn þar sem hann þverar lægsta hluta Vetrarmýrar. Frekari skilmálar skulu settir í deiliskipulagi fyrir svæðið.
4.22I	0,5 ha.	Hnoðraholt	Óbyggt svæði.	1-3 hitaveitutankar. Hitaveitutankar skulu að mestu leyti grafnir niður í jörðu og aðlagðir að umhverfinu. Aðgengi almennings að svæðinu

				skal óheftur. Frekari skilmálar skulu settir í deiliskipulagi fyrir svæðið.
--	--	--	--	---

#### 4.5.2.2 Vetrarmýri




Vetrarmýri er skipt í tvö megin svæði, austan og vestan Vífilsstaðaás. Miðsvæði með blandað þétta byggð verslunar, þjónustu, atvinnu og íbúða, fjölbreyttum íþróttamannvirkjum s.s. fjölnota íþróttahúsi, knattspyrnuleikvangi, íþróttahúsi fyrir m.a. innanhússknattleiki auk húss til annarrar óskilgreindrar íþróttaiðkunar. Meðfram Reykjanesbraut er heimilt að hafa bílastæði/bílasæðahús á tveimur hæðum. Austan við ásinn samþættur grunn- og leikskóla, æfingavellir og golfvöllur. Útivistarsvæði grunn- og leikskóla samnýttist íþróttasvæði og æfingavöllum. Í Vetrarmýri

þarf að huga sérstaklega að flóðvörnum eins og fram kemur í kafla 4.3.1 um veitukerfi.



**MYND 58** Miðsvæði í Vetrarmýri er blönduð uppbygging, atvinnustarfsemi, íbúðir og fjölbreytt íþróttasvæði sem tengist með útivistarsvæði og austan við trjástíg.



**MYND 59** Kennisnið sem sýnir dæmi um samsetningu blandaðrar byggðar á miðsvæði í Vetrarmýri. Næst Reykjanesbraut skal gera ráð fyrir atvinnustarfsemi sem myndar hljóðskerm fyrir íbúðabyggð og starfsemi fjær Reykjanesbraut.

Golfvöllur er staðsettur í Vetrarmýri, ásamt golfskála og öðrum aðstöðubyggingum. Golfvöllur stækkar til austurs og teygir sig að hluta upp í hlíðar Smalaholts. Deiliskipulag og endurskoðun golfvallar skal unnið

í samstarfi við fulltrúa GKG og golfvallarhönnuð, m.a. skal leggja áherslu á góða aðstöðu fyrir ungliðastarf klúbbsins og samþættingu golfbrauta við trjágróður í Smalaholti. Hönnun golfbrauta og nánari útfærsla á samþættingu golfbrauta við hluta af núverandi svæði útivistaskógar skal fara fram í deiliskipulagi og í samráði við hlutaðeigandi aðila. Við hönnun golfvallar skal tryggja að góð tenging verði milli golfbrauta í Leirdal og golfbrauta í Mýrinni m.t.t. hæðarlegu og golfhringja út frá golfskála. Skal, eftir fremsta megni, hlífa trjám sjá nánar í úttekt á trjágróðri fyrir Smalaholt. Endurskipulagður golfvöllur skal eftir föngum laga sig að og nýta trjágróður sem til staðar er til skjóls og yndisauka. Hlífa skal trjásýnistíg og áningarstað með grillaðstöðu við mótun golfvallarins.



**MYND 60** Í deiliskipulagi golfvallarsvæðis skal útfæra golfbrautir svo þær falli sem best að landslagi og gróðri sem fyrir er í hlíðum Smalaholts. Núverandi gróður getur fallið vel að lagningu golfbrauta.



**MYND 61** Golfvöllur stækkar til austurs upp í hlíðar Smalaholts þar sem hreyfing, náttúra og útvist blandast saman með golfbrautum og trjágróðri.

Í Vetrarmýri skal gera ráð fyrir öflugri miðstöð almenningsgangna sem tengist hágæðakerfi almenningsgangna. Í Vetrarmýri er einnig gert ráð fyrir jarðbrú yfir Reykjanesbraut sem setur mikinn svipt á svæðið og er liður í að tengja saman byggð og starfsemi austan og vestan Reykjanesbrautar. Jarðbrú styður einnig við fjölbreyttar samgöngur og hvetur til aukinnar notkunar vistvænni samgangna.

Vetrarmýri skiptist í tvö deiliskipulagssvæði, Vetrarmýri vestur vestan við Vífilsstaðaás og Vetrarmýri austur austan við Vífilsstaðaás.

**TAFLA 4** Landnotkun, lýsing og ákvæði skipulagsreita innan Vetrarmýri.

Merking	Stærð	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
4.08 M	8,9 ha	Vetrarmýri	Óbyggt framræst land, að hluta til nýtt undir æfingasvæði GKG.	Blönduð þétt byggð, skrifstofur og þjónusta ásamt íbúðabyggð. Hámarks hæð bygginga 5 hæðir, efsta hæð skal vera inndregin. Uppbygging í samræmi við nýtt deiliskipulag. Miðað við u.þ.b. 67-90 íbúðir/ha eða allt að 600-800 íbúðir. Þá er gert ráð fyrir u.þ.b. 35.000-44.000 m <sup>2</sup> af skrifstofum, þjónustu og atvinnuhúsnæði. Í deiliskipulagi skal huga sérstaklega að flóðavörnum og ofanvatnslausnum. Í deiliskipulagi skal setja skilmála um sambland og samvist ólíkrar starfsemi og næði íbúa m.a. m.t.t. hávaða, lyktar, lýsingar o.fl. Heimilt er að hafa bílastæði undir byggingum og opið bílastæðahús meðfram Reykjanesbraut.
4.09 Íþ	4,2 ha	Vetrarmýri	Fjölnota íþróttahús í byggingu. Í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.	Nýtt íþróttasvæði í tengslum við grunnskóla og golfvöll. Fjölbreytt íþróttamannvirki s.s. fjölnota íþróttahús, knattspyrnuleikvangur með stúkum og hand- og körfuknattleikhús auk reits fyrir óskilgreint

				íþróttahús. Aðstaða til fjölbreyttra viðburða s.s. tónleikahalds. Í deiliskipulagi skal huga sérstaklega að flóðavörnum og ofanvatnslausnum. Uppbygging í samræmi við nýtt deiliskipulag. Tengist svæði 4.10
4.17 Íþ	2,6 ha	Vetrarmýri	Æfingavellir.	Æfingavellir
4.10 Íþ	60,5 ha	Vetrarmýri golfvöllur	Golfvöllur og æfingasvæði GKG, félagsheimili og aðrar aðstöðubyggingar golfklúbbs.	Golfvöllur verði endurskipulagður í samhengi við svæði 4.17 Íþ. og útivistarskóg í Smalaholti sem er hluti af 4.21 Op. Í deiliskipulagi skal huga sérstaklega að flóðavörnum og ofanvatnslausnum. Uppbygging í samræmi við nýtt deiliskipulag.
4.07 S	1,7 ha	Vetrarmýri	Óbyggt.	Samþættur grunn- og leikskóli. Staðsetning, lóðarstærð og byggingarmagn ákvarðast í deiliskipulagi. Staðsetja skal byggingarreit grunn- og leikskóla ofan við hæðarlínu 40m m.t.t. flóðahættu. Í deiliskipulagi skal huga sérstaklega að flóðavörnum og ofanvatnslausnum.

#### 4.5.2.3 Vífilsstaðir



Við Vífilsstaðaspítala og á svæðinu milli spítalans og Reykjanesbrautar er gert ráð fyrir starfsemi stofnanna, s.s. þjónustustofnana eða heilsutengdri starfsemi sem fellur vel að núverandi starfsemi á Vífilsstöðum. Á Vífilsstöðum eru núverandi stofnanir, byggingar, skróðgarður og ungmennafélagsreitir. Heimilt verður að byggja við og eða bæta við byggingum á svæðinu, tryggja skal með skilmálum í deiliskipulagi að uppbygging falli vel að núverandi starfsemi og byggðaformi Vífilsstaða. Austan við Vífilsstaðaspítala er gert ráð fyrir íbúðahverfi með lágreistri byggð sem fellur vel að og tekur tillit til nærliggjandi náttúru. Gert er ráð fyrir háu hlutfalli sérþýlis s.s. rað/par- og keðjuhúsa á 1-2 hæðum. Byggð nýtur góðs af nálægð við nærliggjandi náttúru og útivistarsvæði.


Vífilsstaðir skiptist í tvo deiliskipulagsáfanga Vetrarmýri vestur og Vetrarmýri austur.

**TAFLA 5** Landnotkun, lýsing og ákvæði skipulagsreita fyrir Vífilsstaði.

Merking	Stærð	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
4.01 S	10,1 ha	Vífilsstaðir	Núverandi Vífilsstaðaspítali.	Blönduð byggð, stofnana og íbúða. Áhersla á heilsutengda starfsemi sem fer vel með núverandi starfsemi Vífilsstaðaspítala. Byggð skal taka mið af núverandi byggð innan reits og byggingar skulu m.a. ekki vera hærri en núverandi hæð Vífilsstaðaspítala. Verndarákvæði, t.d. friðlýsing eða hverfisvernd verði skilgreind nánar í deiliskipulagi.
4.13 Íb	7,0 ha	Vífilsstaðir	Óbyggt að undanskildu aðstöðubyggingar og plöntuuppeldisreita Skógræktarfélags Garðabæjar.	Lágreist byggð með hátt hlutfall sérþýlis s.s. rað/par- og keðjuhús 1-3 hæðir. Miðað við u.þ.b. 42 íbúðir/ha eða allt að 300 íbúðir. Byggð sem fellur vel að landi og tekur tillit til nærliggjandi náttúru. Uppbygging í samræmi við nýtt deiliskipulag.
4.02 Op	3,6 ha	Vífilsstaðir	Skróðgarður hannaður af fyrsta íslenska landslagsarkitektinum Jóni H. Björnssyni 1952.	Gert er ráð fyrir að Vatnsmýri og umhverfi hennar sunnan við Vífilsstaði verði þróað áfram sem náttúrugarður og fléttist saman við garðinn við Vífilsstaði.

				<p>Áætlað er að viðhalda votlendi með tjörnum og hólum og verður unnið að deiliskipulagi í þeim tilgangi.</p> <p>Lagt er til að færa mörk friðlands Vífilsstaðahrauns svo það nái yfir allt votlendi í Vatnsmýri.</p>
4.19 Op	1,02 ha	Vífilsstaðir	Ungmennafélagsreitur með fjallafurum og birki, gróðursett 1913.	Gert er ráð fyrir að ungmennafélagsreitur haldi sér sem garður.

#### 4.5.2.4 Smalaholt/Rjúpnadalur



Útivistarskógurinn í Smalaholti gegnir mikilvægu hlutverki til almennrar útivistar og náttúruupplifunar. Þaðan er gott útsýni yfir nærumhverfi, höfuðborgarsvæðið og út yfir Faxaflóa. Í skóginum verði innréttaðir áningarstaðir og einföld leikaðstaða eftir því sem skógurinn vex og myndar skjólgóð rjóður.

Kirkjugarður er staðsettur í Rjúpnadal ofan við Smalaholt, þar er einnig heimild fyrir bálstofu. Á háhæð Smalaholts skal vera kennileiti (bygging eða listaverk) sem tengir svæðið sjónrænt við byggð í Garðabæ. Nánari hönnun og útfærsla t.d. á grafreitum skal ákveðin í deiliskipulagi. Kirkjugarður og mögulegar tengdar framkvæmdir s.s. haugsetning falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í Rjúpnadal er einnig gert ráð fyrir lóð fyrir meðferðaheimili ungmenna.

Í skipulagi byggðar við Austurkór í Kópavogi norðan Rjúpnadals er gert ráð fyrir vegtengingu inn í Rjúpnadal. Gert er ráð fyrir að aðkomuvegur að nýjum kirkjugarði frá Elliðavatnsvegi/Flóttamannavegi geti legið um Rjúpnadal inn á þessa tengingu.

Smalaholt/Rjúpnadalur skiptist í tvo deiliskipulagsáfanga, Smalaholt útivistarskógur og Rjúpnadalur kirkjugarður. Efst í Rjúpnadal nær sveitafélagsmörkum við Kópavog er óskipulagt svæði.

**TAFLA 6** Landnotkun, lýsing og ákvæði skipulagsreita fyrir Smalaholt/Rjúpnadal.

Merking	Stærð	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
4.16 S	1,1 ha	Rjúpnadalur	Fyrrum fjarskiptastöð. Óbyggt land. Óskipulagt.	Lóð fyrir meðferðaheimili ungmenna, bygging allt að 1.000 m <sup>2</sup> .
4.14 K	8,1 ha	Rjúpnadalur	Fyrrum fjarskiptastöð. Óbyggt land. Óskipulagt.	Nýr kirkjugarður ásamt kennileiti. Heimild fyrir bálfarastofu. Kirkjugarður og byggingar skulu falla vel að útivistarsvæði og útivistarskóg í Smalaholti. Svæðið skal undirbúið undir framtíðarnotkun með efnislosun fyrir hentugan jarðveg. Nánari útfærsla mótuð í deiliskipulagi.
4.21 Op	-	Smalaholt	Úr landi Vífilsstaða. Skógræktarfélag Garðabæjar hóf þar gróðursetningu 1988 og er þar fullplantað, en íbætur hafa verið stundaðar undanfarin ár. Þar hafa félagasamtök og grunnskólar í Garðabæ ræktunarreit, um 1 ha að stærð hver. Á svæðinu eru útivistarstígar, reiðstígar og áningarstaðir.	Ný reiðleið efst á Smalaholti í Rjúpnadal tengist Kjóavöllum. Heimilt að nýta hluta af svæðinu undir landmótun m.a. með jarðvegi sem fellur til við framkvæmdir innan svæðis rammahluta Vífilsstaðalands. Skal tekið á landmótun í deiliskipulagi kirkjugarðs, svæði 4.14. Gert ráð fyrir nýrri aðstöðubyggingar Skógræktarfélags Garðabæjar í Smalaholti.



#### 4.5.2.5 Vífilsstaðhraun




Vífilsstaðhraun, ásamt Garðahrauni, hlaut friðlýsingu árið 2014. Samgöngustígur, hluti af neti stofnhjólaleiða á höfuðborgarsvæðinu, skal liggja meðfram Reykjanesbraut, austan hennar, sem hluti af samgöngustígakerfi höfuðborgarsvæðisins og tengja nýja byggð í Urriðaholti við uppbyggingu á svæðinu og íþróttaaðstöðu í Vetrarmýri. Trjástígur með fuglaskoðunarbrú sem tengist við hraunið og „berklástígn“ sem liggur um hraunið. Nánari útfærsla í deiliskipulagi friðlandsins.

Vífilsstaðhraun er eitt deiliskipulagssvæði.

**TAFLA 7** Landnotkun, lýsing og ákvæði skipulagsreita fyrir Vífilsstaðhraun.

Merking	Stærð	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
4.20 Fs	72,5	Vífilsstaðhraun (Svínahraun)	Friðlýst 2014	Sjá ákvæði um Garðahraun.



**MYND 62** Úrklippa úr breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, rammahluta Vífilsstaðalands.

## 5 SAMANTEKT UMHVERFISMATS

Skipulagið fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Vegna stærðar og ólíkra landnotkunarreita var umhverfismatið unnið eftir minni svæðum. Hvert svæði hefur sín séreinkenni, bæði varðandi grunnástand og áform um nýtingu og uppbyggingu. Skipulagskostir voru metnir og voru ávallt metin áhrif á grunnástand (núllkost) og valinn kost. Misjafnt var eftir svæðum hvort fleiri kostir voru metnir. Heildarumhverfisáhrif skipulagsins voru metin óveruleg.

Skipulagið nær til blandaðrar byggðar og er talið hafa jákvæð áhrif á samfélag og auðlindir. Þétting byggðar innan vaxtarmarka svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins hefur m.a. jákvæð áhrif á þjónustu, atvinnutækifæri og framboð íbúða. Metið er að skipulagið gefi kost á góðu bæjar- og búsetuumhverfi í blandaðri byggð.

Áhrif á heilsu og öryggi eru í heildina metin jákvæð en neikvæðra áhrifa gættir á hljóðvist og loftlagsmál vegna m.a. umferðar og rasks á framkvæmdatíma.

Metið er að áhrif á vatnabúskap og vatnsgæði séu háð útfærslu á síðari stigum. Við frekari hönnun uppbyggingar þarf að finna lausnir á atriðum er snúa að vatnasviði Arnarneslækjar og Vífilsstaðavatns. Að auki þarf að huga að Arnarneslæk og flóðamálum í Vetrarmýri.

Talið er að áhrif á náttúrufer og dýralíf verði í heildina óveruleg en neikvæð að hluta. Helstu áhrif verða vegna jarðrasks og rasks á búsvæðum fugla. Áætla má að neikvæð áhrif verði vegna uppbyggingar á framkvæmdatíma og vegna umgangs manna til framtíðar. Vægi áhrifa er að hluta til háð útfærslu á síðari stigum. Vegna uppbyggingar byggðar í stað grænna svæða er talið að heildaráhrif á fugla og gróður verði

neikvæð en samtímis háð endanlegri mynd svæðisins t.d. hvað snertir gróður innan byggðar. Áhrifin eru einnig talin vera tímabundin þar sem fuglar munu ef til vill finna sér önnur búsvæði í næsta nágrenni

Metið er að skipulagið muni hafa neikvæð áhrif á loftgæði og loftslag en gripið verður til mótvægisáðgerða til að draga úr áhrifum eins og kostur er. Helstu áhrif verða vegna aukinnar bílaumferðar, röskunar á votlendi og úrgangsmýndunar á framkvæmdatíma. Nýtt hverfi skapar óhjákvæmilega umtalsverða umferð en reynt verður að draga úr áhrifum vegna hennar með því að stuðla að fjölbreyttum ferðamátum innan skipulagssvæðisins með áherslu á vistvænar samgöngur. Einnig er mikið lagt upp úr góðum stígatengingum við nærliggjandi svæði.

Áhrif á minjar eru metin óveruleg fyrir heildina en uppbygging á Vífilsstöðum hefur það að markmiði að hlúa vel að menningarminjum. Minjar á svæðinu verða merktar á framkvæmdatíma. Ef óhjákvæmilegt verður að raska minjastöðum skal það gert í samráði við Minjastofnun Íslands.

Skipulagið er talið hafa jákvæð áhrif á opin svæði, íþróttasvæði og önnur almenningsrými. Enn fremur er skipulagið talið hafa jákvæð áhrif á verndarsvæði og friðlýst svæði þar sem það stuðlar að góðu aðgengi að Vífilsstaðavatni og Vífilsstaðahrauni. T.d. mun hluti Vífilsstaðavegar færast fjær Vífilsstaðavatni.

Endanleg umhverfisáhrif eru í mörgum tilfellum talin háð útfærslu á síðari stigum, s.s. við deiliskipulagsgerð, hönnun og á framkvæmdastigi. Má þar t.d. nefna áhrif á vatnabúskap og vatnsgæði.

**TAFLA 8** Samantekt umhverfismats.

UMHVERFISÞÁTTUR	OPIN SVÆÐI OG ÞRÓTTASVÆÐI	VERNDAR – OG FRÍÐLÚYST SVÆÐI	SAMGÖNGUR	VEITUR	HNOÐRAHOLT	VETRAMÝRI	VÍFILSTAÐIR – VESTUR	VÍFILSTAÐIR – AUSTUR	SMALAHOLT
<b>Samfélag</b> <i>Íbúaþróun Efnahagur Þjónusta Almenningsrými/útivistarsvæði</i>	+	+	0	0	+	+	+	+	+
<b>Heilsa og öryggi</b> <i>Lýðheilsa Hljóðvist Náttúruvá</i>	+	+	-	+	+	+	+	+	+
<b>Vatnsbúskapur og vatnsgæði</b> <i>Vatnsbúskapur Vatnsgæði</i>	+	+	-	0	?	?	?	?	?
<b>Auðlindir</b> <i>Landnotkun Landslag og ásýnd Verndarsvæði</i>	+	+	0	0	?	?	?	?	?
<b>Náttúrufar og dýralíf</b> <i>Fuglar Gróður</i>	+	+	0	0	?	0	0	0	?
<b>Loftgæði og loftslag</b> <i>Loftgæði Losun gróðurhúsalofttegunda</i>	0	0	-	0	0	-	0	0	0
<b>Minjar</b> <i>Fornminjar Náttúruminjar Menningarminjar</i>	0	0	0	0	0	0	?	?	0

## 6 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI

Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, rammahluti Vífilsstaðalands, er unnin fyrir Garðabæ í samráði við hagsmunaaðila á svæðinu.

Fyrsti kynningar- og samráðsfundur var haldinn um gerð samkeppnislýsingar fyrir svæðið, þróunarsvæði B Vífilsstaðalands í aðalskipulagi, 12. júlí 2017. Haldinn var opinn kynningarfundur fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila á skipulags- og matslýsingu í 27. júní 2018. Opinn kynningar- og samráðsfundur á forkynningarstigi skipulagstillögu var haldinn í 12. desember 2019. Auk þess hefur samráð verið haft við hlutaðeigandi hagsmunaaðila, s.s. Golfklúbb GKG, Skógræktarfélag Garðabæjar, núverandi íbúa í Hnoðraholti og Hestamannafélagið Sprett, um ákveðin málefni á gegnum skipulagsvinnuna.

Tillagan var tekin fyrir á skipulagsnefndarfundi þann 3. apríl 2020 og samþykkt til auglýsingar. Tillagan var í kjölfarið tekin fyrir í bæjarstjórn þann 7. apríl 2020 þar sem tillagan var samþykkt til auglýsingar.

Skipulagsstofnun yfirfór tillöguna og heimilaði auglýsingu þann 26. maí 2020. Gögn voru uppfærð m.t.t. ábendinga Skipulagsstofnunar til auglýsingar.

Haldin var opinn kynningarfundur á skipulagstillögu þann 27. ágúst 2020, og skipulagstillagan auglýst í dagblaði og send umsagnaraðilum til kynningar. Skipulagstillaga lá frami á bæjarskrifstofu Garðabæjar og var aðgengileg á heimasíðu bæjarins [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is). Umsagnaraðilum og almenningi var með þeim hætti gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum og ábendingum á framfæri. Gefinn var lengdur frestur til þess að

koma fram með athugasemdir, umfram það sem almennt er, þar sem skipulagsstillagan var auglýst yfir sumarmánuðina.

Skipulagsnefnd Garðabæjar hefur yfirfarið athugasemdir og umsagnir sem bárust að athugasemdafresti loknum og hefur þeim verið svarað með umsögn sveitarstjórnar og afgreiðslu bæjarstjórnar. Breytingar á skipulagstillögu eru minniháttar og ekki þörf á að auglýsa skipulagstillögu að nýju.

Skipulagsnefnd hefur gert tillögu til bæjarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins og bæjarstjórn samþykkt skipulagstillögu.

### 6.1 Umsagnaraðilar

Eftirfarandi aðilar eru umsagnaraðilar í skipulagsferlinu:

- Aðliggjandi sveitarfélög
- Golfklúbbur GKG
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Hestamannafélagið Sprettur
- Isavia
- Kirkjugarðaráð
- Landspítalinn, eignasvið
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun
- Skipulagsstofnun
- Skógræktarfélag Garðabæjar
- Skógræktarfélag Reykjavíkur
- Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
- Umhverfisstofnun
- Ungmennafélagið Stjarnan

- Vegagerðin
- Veitustofnanir

BREEAM is a registered trademark of BRE (the Building Research Establishment Ltd. Community Trade Mark E5778551).  
The BREEAM marks, logos and symbols are the Copyright of BRE and are reproduced by permission.